


## Ársskýrsla 2016





Ársskýrsla Framkvæmdasýslu ríkisins 2016

Júní 2017

Umbrot og hönnun: Nielsen hönnunarstofa, Nielsen.is

Ljósmyndir: Karl Petersson (forsíðumynd af FSu, bls. 11, 15, 18, 19 og 37),  
Baldur Gunnarsson (bls. 2 af FSu), Baldur Kristjánsson (hópmynd og prófilmyndir  
af starfsmönnum bls. 5, 6, 12, 16, 18–29), Guðbjartur Á. Ólafsson (bls. 8),  
Studio Grandi (bls. 9), Gláma·Kím (bls. 10), Batteríð Arkitektar ehf. (bls. 12),  
Vigfús Birgisson (bls. 17, 31 og baksíða af Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur),  
KOAN-hópurinn (bls. 27), frá starfsmönnum FSR og aðilum verkefna.

Prentun: Pixel prentþjónusta

Ábyrgðarmaður: Halldóra Vífilsdóttir

Ritstjóri: Arna Björk Jónsdóttir

ISSN 2547-670X (prentuð útgáfa)

ISSN 2547-6718 (rafræn útgáfa)

# Efnisyfirlit

<b>Ávarp forstjóra</b> .....	<b>4</b>
<b>Um FSR</b> .....	<b>7</b>
<b>Verkefni á árinu 2016</b> .....	<b>9</b>
Alþingi.....	9
Forsætisráðuneytið .....	10
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið .....	12
Fjármála- og efnahagsráðuneytið .....	13
Innanríkisráðuneytið.....	15
Mennta- og menningarmálaráðuneytið.....	17
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið .....	20
Útanríkisráðuneytið .....	25
Velferðarráðuneytið .....	25
<b>Fasteignir í ríkiseigu</b> .....	<b>30</b>
<b>Þróunar- og samstarfsverkefni</b> .....	<b>32</b>
<b>Rekstur og starfsfólk</b> .....	<b>35</b>
<b>Ársreikningur 2016</b> .....	<b>38</b>
<b>Vígsla mannvirkja</b> .....	<b>42</b>



# Framkvæmdasýsla ríkisins starfar á grundvelli laga um skipan opinberra framkvæmda

---

## Ávarp forstjóra

---

Framkvæmdasýsla ríkisins, FSR, er þjónustustofnun sem hefur það að markmiði að veita viðskiptavinum sínum góða þjónustu og stuðla að framþróun mannvirkjagerðar. Við viljum einnig stuðla að því að eignir ríkisins og húsnæði í leigu ríkisins nýtist með hagkvæmum hætti og skili samfélagslegum ávinningi. FSR hefur umsjón með verklegum framkvæmdum ríkisins, allt frá undirbúningsstigi þeirra og áætlunargerð að verklegum framkvæmdum og gerð skilamats. Við sinnum einnig umsjón verkefna vegna framkvæmda við ofanflóðavarnir og liðsinnum ráðuneytum og ríkisstofnunum í húsnæðisöflun. Stofnunin vinnur þarfagreiningar, húsrýmisáætlanir og frumathuganir og fer með umsjón með áætlanagerð sé þess óskað. Samkvæmt 20. gr. laga nr. 84 frá árinu 2001, um skipan opinberra framkvæmda, skal FSR byggja upp og viðhalda skrá yfir fasteignir ríkisins sem gagnast ráðuneytum og ríkisstofnunum við stjórn fasteignaumsýslu. Til að tryggja sem best gögn á þessu sviði er unnið að samræmingu á skráningu ríkiseigna í fasteignaskrá Þjóðskrár og þinglýsingabókum sýslumannsembætta en skráningin er unnin í samvinnu við Þjóðskrá og sýslumannsembættin að höfðu samráði við fjármála- og efnahagsráðuneytið. FSR vinnur einnig og heldur utan um mannvirkjaáætlun ríkisins.

Alls komu starfsmenn FRS að 135 verkefnum á árinu. Velta FSR vegna verkefna var 3.677 m.kr. og er það 14% minna en á árinu 2015. Minnkun milli ára skýrist

af stöðu verkefna en velta verkefna er mest í verklegum framkvæmdum. Á árinu 2016 voru fjögur stór verkefni í umsjón Framkvæmdasýslu ríkisins á lokastigi verklegra framkvæmda. Þetta eru nýtt fangelsi á Hólmsheiði í Reykjavík sem tekið var í notkun á haustmánuðum, verknámshús við Fjölbautaskóla Suðurlands á Selfossi sem tekið verður í notkun í ársbyrjun 2017, viðbygging við Menntaskólann við Sund í Reykjavík sem fór í lokaúttekt byggingarfulltrúa í árslok og svo Veröld, hús Vigdísar, sem hýsir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur við Háskóla Íslands sem var á lokastigi framkvæmda í árslok.

Önnur stór verkefni eru á undirbúningsstigi. Í desember lá fyrir niðurstaða dómnefndar í hönnunarsamkeppni vegna fyrirhugaðrar skrifstofubyggingar fyrir Alþingi en Studio Grandi hlaut fyrstu verðlaun í þeirri samkeppni. Í lok ársins 2016 hófst undirbúningur að útboði á byggingu Húss Íslenskra fræða en verkefnið hefur verið í bið frá árinu 2013.

Af ofanflóðaverkefnum má nefna að unnið var við 3. áfanga snjóflóðavarna ofan byggðar á Siglufirði, á Ísafirði var unnið að framkvæmdum við aur- og snjóflóðagarða ofan byggðar neðan Gleiðarhjalla en á Ísafirði var einnig unnið að undirbúningi vegna uppsetningar stoðvirkja á upptakasvæðum snjóflóða í Kubba ofan Holtahverfis. Á Eskifirði var unnið að gerð varnarvirkja við Hlíðarendaá og var einnig unnið að undirbúningi framkvæmda vegna varna við Ljósá.





Ennfremur má nefna að undirbúnar voru framkvæmdir vegna snjósöfnunargrinda og vindkljúfa á Patreksfirði og unnið var að frumathugun vegna varnavirkja í Neskaupstað og varnargarðs á Tálknafirði. Þá var unnið að umhverfismati vegna varnavirkja í Neskaupstað.

Fjölgun ferðamanna undanfarin ár hefur kallað á uppbyggingu innviða á áninga- og ferðamannastöðum. Verklegar framkvæmdir vegna stækkunar á gestastofu á Hakinu á Þingvöllum voru boðnar út á árinu en þar er ráðgert að koma upp glæsilegri sýningu. Unnið er að undirbúningi nýrrar gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs við Kirkjubæjarklaustur og eru áform um að bjóða út framkvæmd haustið 2017. Á Gullfossi var unnið að gerð nýs stiga milli efri og neðri útsýnissvæða og við Geysi var unnið að stíga- og pallagerð á ríkislauginni Laug.

Húsnæðisöflunarverkefni hafa verið æ umfangsmeiri í starfi FSR undanfarin ár. Í janúar 2016 var skrifað undir húsaleigusamning vegna húsnæðis fyrir varðveislu og rannsóknarsetur Þjóðminjasafns Íslands en húsnæðið sem tekið var á leigu er við Tjarnarvelli í Hafnarfirði. Í árslok var tekið í notkun nýtt húsnæði við Hlíðasmára 1 í Kópavogi fyrir Sýslumanninn á höfuðborgarsvæðinu og í lok árs var ákveðið að ganga til samninga vegna nýs húsnæðis fyrir Hafró við Fornubúðir 5 í Hafnarfirði. Einnig var unnið að framtíðarhúsnæðismálum Ríkislögreglustjóra og Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, Vegagerðarinnar og Landsréttar.

Auk hefðbundinna verkefna hefur FSR komið í ríkara mæli að greiningarvinnu. Breytt fyrirkomulag á umsýslu ríkisins með fasteignum mun kalla á frekari greiningarvinnu en hefur verið til þessa og á það sama við um húsnæðisöflunarverkefni þar sem auglýst er eftir húsnæði í stað þess að byggja nýtt. Ekki er aðeins um að ræða að meta þarf stofnana og ráðuneyta heldur þarf einnig að meta á áreiðanlegan hátt ólíka húsnæðiskosti og gera kostnaðargreiningar.

Greiningarvinna sem þessi og kortlagning á þörfum ráðuneyta og stofnana er mikilvæg til að nýta fjármuni ríkisins markvissar og stuðla bæði að árangri og aukinni hagsæld. Miklir fjármunir eru bundnir í húsnæði í eigu ríkisins og þá þarf að nýta sem best. Ný lög um opinber fjármál kalla á langtímahugsun í áætlunargerð ríkisins. Eignir ríkisins eiga að skila samfélagslegum ávinningi og nýtast með hagkvæmum hætti í starfsemi ríkisins og því er nauðsynlegt að kortleggja húsnæðisþarfirnar til lengri tíma. Tvö af fjórum lykilverkefnum ársins 2016 hjá FSR tengdust þessu beint. Við lögðum grunn og þróðum mannvirkjaáætlun ríkisins og við unnum að greiningum. Auk þess að setja öll verkefni í umsjón FSR var lagður grunnur að því að þróa langtímaáætlun um húsnæðisþörf og fjárfestingar ríkisins. Unnið verður frekar að þessu með ráðuneytunum á næstu misserum.

Að beiðni forsætisráðuneytis kannaði FSR uppbyggingarmöguleika á stjórnarráðsreitnum við Skúlagötu. FSR kannaði stöðu húsnæðismála hjá

öllum ráðuneytunum, gerði grófa þarfagreiningu á húsnæðisþörf og kannaði uppbyggingaheimildir samkvæmt gildandi deiliskipulagi. Skoðun FSR leiddi í ljós að hægt er að koma öllum ráðuneytunum fyrir á reitnum og verður spennandi að sjá hvort við eigum eftir að sjá nýjar stjórnarráðsbyggingar á reitnum á komandi árum.

Hin tvö lykilverkefni ársins voru að taka upp verkefnatöflur og nýtt útlit skilamata. Með verkefnatöflum er yfirsýn allra verkefna bætt, auðveldara er að fylgjast með framvindu verka og vakta verkefni. Mikilvægt er að standa vel að útgáfu skilamata og setja upplýsingar fram á markvissan hátt. FSR bætti ennfremur upplýsingamiðlun með því að gefa út upplýsingablað mannvirkis, einblöðung sem gefinn er út við vígslu mannvirkis.

Starfsfólk FSR er lykill að velgengi stofnunarinnar en áhersla er lögð á að starfsmenn fái að njóta sín í starfi og hafi möguleika á að auka þekkingu sína og færni með markvissum hætti. Frá árinu 2013 hefur verið gerð fræðsluáætlun fyrir hvern starfsmann FSR en undanfarin tvö ár hefur einnig verið gefin út fræðsluáætlun FSR en lagt er mat á fræðsluóskir og þarfir í kjölfar starfsmannasamtala. Sérstök fræðsla

var um straumlínustjórnun í framkvæmdaverkefnum (e. Lean Construction), sýnilega verkefnastjórnun (VMS töflur) og líftímagreiningar (LCC). Af innri málum má einnig nefna að nýtt skipurit var tekið upp á árinu en tilgangurinn er að skilgreina betur ábyrgð og verksvið. Stoðþjónusta er nú undir rekstrarsviði sem fjármálastjóri FSR stýrir.

Á árinu 2016 völdu starfsmenn Framkvæmdasýslu ríkisins sér ný leiðarljós til að vinna eftir, áreiðanleiki, fagmennska og árangur. Áreiðanleiki í upplýsingagjöf og afgreiðslu mála er grundvallaratriði, því viðskiptavinir okkar eiga að geta treyst því sem frá stofnuninni kemur. Fagmennska er lykilatriði í allri vinnu sem framkvæmd er innan stofnunarinnar eða á vegum hennar og leggja stjórnendur áherslu á að stofnunin sé þekkt fyrir hana. Árangur verkefna skiptir svo meginmáli. Mikilvægt er að vel takist til og skiptir þá ekki einungis máli að gera hlutina vel heldur einnig að gera réttu hlutina. Við viljum uppfylla væntingar viðskiptavina okkar og skila verkefnum í samræmi við áætlanir.

*Halldóra Vífilsdóttir*

Halldóra Vífilsdóttir, forstjóri




Framkvæmdasýsla ríkisins er leiðandi og stefnumótandi aflu í opinberum framkvæmdum og stuðlar að skilvirkni og hagkvæmni á því sviði

## Um FSR

Framkvæmdasýsla ríkisins, FSR, fer með stjórn verklegra framkvæmda af hálfu ríkisins og veitir ráðuneytum og ríkisstofnunum ráðgjöf um byggingartæknileg málefni og undirbúning framkvæmda. Framkvæmdasýsla ríkisins starfar samkvæmt lögum nr. 84/2001, um skipan opinberra framkvæmda, og heyrir undir fjármála- og efnahagsráðuneytið. Starfsemi Framkvæmdasýslunnar er alfarið fjármögðuð með sértekjum.

Ríkisendurskoðun sér um endurskoðun á bókhaldi Framkvæmdasýslunnar. Ekki fer fram formleg endurskoðun á hverju ári, en Fjárýsla ríkisins gefur hins vegar árlega út samandreginn ársreikning fyrir stofnunina. Þessi samandregni ársreikningur er hluti af ársskýrslu Framkvæmdasýslunnar fyrir árið 2016.







Við upphaf framkvæmda á stækkun gestastofu á Hakinu á Þingvöllum 4. nóvember 2016.





Vinningstillaga arkitektastofunnar Studio Granda að skrifstofubyggingu fyrir Alþingi.

## Verkefni á árinu 2016

Hér verða rakin helstu verkefni á vegum FSR fyrir Alþingi og hvert ráðuneyti sem voru í framkvæmd á árinu.

### Útgefin skilamöt og skilagreinar

Á árinu 2016 var eftirfarandi skilamat og skilagrein gefin út:

- Litla Hraun, nýtt móttökuhús.  
Skilagrein útgefin í desember 2016.
- Snjóflóðavarnir Bolungarvík.  
Skilamat útgefið í desember 2016.

### Alþingi

Helstu verkefni fyrir Alþingi voru eftirfarandi:

#### Alþingi – húsnæðismál

Þarfagreining og frumathugun um húsnæðisþörf Alþingis var unnin af Framkvæmdasýslunni 2015.

Niðurstaðan var sú að Alþingi þarfnaðist um 4.500 m<sup>2</sup> skrifstofubyggingar og um 1.200 m<sup>2</sup> bílakjallara í samræmi við skipulag svæðisins. Heimild var veitt til áætlunargerðar. Hún hófst með því að auglýst var hönnunarsamkeppni um verkefnið í júní 2016. Góð þátttaka var í samkeppninni og búrúst 22 tillögur frá innlendum og erlendum aðilum. Niðurstaða fékkst í desember 2016 og hlutu arkitektarnir í Studio Granda 1. verðlaun.

Unnið er að áætlunargerð fyrir skrifstofubygginguna með fyrrnefndum arkitektum ásamt verkfræðistofunni EFLU. Áætlað er að hönnun ljúki snemma árs 2018 og að byggingin verði tilbúin vorið 2020.

#### Umboðsmaður Alþingis – breytingar á Þórshamri

Á árinu var unnið að endurbótum á nokkrum verkþáttum innanhúss í húsnæði umboðsmanns Alþingis, Þórshamri, við Templarasund 5. Um var að ræða einangrun og frágang í risi hússins.

## Forsætisráðuneytið

### Gestastofa á Hakinu á Þingvöllum

Vegna síaukins straums ferðamanna að Þingvöllum var ákveðið að stækka núverandi gestastofu (Fræðslumiðstöð) á Hakinu við Almannagjá sem reist var árið 2002. Á árinu 2015 fékkst heimild til áætlunargerðar. Í framhaldinu var samið við arkitektastofuna Glámu-Kím um hönnun gestastofunnar ásamt Mannvit verkfræðistofu og lauk henni í upphafi árs 2016.

Heildarstærð gestastofunnar með núverandi byggingu verður um 1277 m<sup>2</sup>. Innra skipulagi verður breytt og samræmt með það í huga að inn í húsið komi hágæða sýning. Um einstakt umhverfi og sögustað er að ræða og þarf að vanda mjög vel til allra bygginga sem reistar eru á svæðinu og halda landraski í lágmarki. Til að tryggja sem bestan árangur með tilliti til umhverfisins er stefnt að því að byggingin hljóti vottun samkvæmt alþjóðlega umhverfisvottunarkerfinu BREEAM og er hönnuðum og verktaka gert að tryggja það í vinnu sinni.

Tilboð í verkið voru opnuð í apríl 2016 og var tilboð Þarfapings ehf. lægst. Lagt var til að gengið væri til samninga við fyrirtækið þrátt fyrir að tilboðið væri 20% yfir kostnaðaráætlun og fékkst sú heimild í október 2016. Vegna tafa á því að gengið væri til samninga var samkomulag um að verkið mundi hefjast formlega í mars 2017 en unnið yrði við jarðvegsskipti eins og kostur væri þangað til.

Verktaki lauk við aðstöðuplan og vegslóða að húsgrunni í lok desember 2016.

Undirbúningur að sýningarhaldi hófst 2016 og hafði verið áætlað 40 m.kr. til undirbúnings þess. Samið var við Gagarín ehf. um hugmyndahönnun og voru hugmyndir þeirra samþykktar af Þingvallanefnd undir vinnuheitinu „Þingvellir, hjarta lands og þjóðar“. Fullnaðarhönnun á samþykktri hugmynd að sýningunni verður boðin út á árinu 2017 og áætlað er að sýningin opni um leið og gestastofan er fullbyggð.

Verkkaupi er Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og forsætisráðuneytið.

### Húsnæðismál forsætisráðuneytisins og stjórnarráðsins

Í lok árs 2015 óskaði forsætisráðuneytið eftir að Framkvæmdasýsla ríkisins ynni frumathugun og þarfagreiningu vegna húsnæðismála forsætisráðuneytisins og stjórnarráðsins.

Forsætisráðuneytið er í dag með starfsemi í þremur byggingum á stjórnarráðsreitnum við Lækjargötu / Hverfisgötu og er stefnt að því að koma starfseminni fyrir á einum stað í framtíðinni. Vinnsla frumathugunar er á lokastigi.


### Nýtt húsnæði fyrir varðveislu- og rannsóknasetur Þjóðminjasafns Íslands

Tekið var á leigu 4.200 m<sup>2</sup> húsnæði við Tjarnarvelli 11 í Hafnarfirði sem er varðveislu- og rannsóknasetur Þjóðminjasafns Íslands og var skrifað undir húsaleigusamning í janúar 2016. Húsið var fohelt



Stækkun gestastofu á Hakinu á Þingvöllum.







og tók um 6 mánuði að innrétta það fyrir starfsemi safnsins. Byrjað var að flytja inn í húsið í ágúst og er unnið við að ljúka við nokkur uppgjörmál.

Unnið var að kaupum á búnaði og kerfum fyrir húsið.

## Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

### Byggðastofnun

Árið 2015 var auglýst eftir húsnæði fyrir Byggðastofnun á Sauðárkróki, en engin viðunandi tilboð bárust. Síðan var auglýst forval þar sem leitað var eftir þátttakendum í alútbóði, þ.e. fyrir hönnun og verkframkvæmd. Ónóg þátttaka var einnig í forvalinu og því var auglýst hönnunarútbóð síðla árs 2016, þar sem boðin var út fullnaðarhönnun 900 m<sup>2</sup> byggingar til útbóðs, þar sem metið var bæði hæfni og verð. Nokkuð góð þátttaka var í hönnunarútbóðinu og hagstæðasta tilboðið áttu Arkitektastofan Úti og inni, ásamt VSB verkfræðistofu ehf. Áætlunargerð er í fullum gangi og reiknað er með að henni ljúki síðla árs 2017 og byggingin verði tilbúin árið 2019.

### Húsnæðismál MAST og Fiskistofu

Við flutning Fiskistofu til Akureyrar að hluta í janúar 2016 stendur talsvert af húsnæðinu þar sem starfsemin var áður við Dalshraun í Hafnarfirði autt. Í ljósi þessarar stöðu hafa húsnæðismál Matvælastofnunar (MAST) á höfuðborgarsvæðinu og þess hluta af Fiskistofu sem er á höfuðborgarsvæðinu verið skoðuð og metið hvort hægt er að hagræða í húsnæðismálum stofnananna á höfuðborgarsvæðinu.

Starfsmaður FSR



Berglind Ýr Ólafsdóttir

Móttökuritari  
/bókari  
Tölur ljúga ekki

Verkefnastjóri  
Traust og góð  
samskipti  
er lykillinn



Ármann Óskar Sigurðsson

Starfsmaður FSR

### Nýtt húsnæði fyrir Fiskistofu á Akureyri

Skrifað var undir húsaleigusamning um leigu á um 715 m<sup>2</sup> húsnæði við Norðurslóð 4 á Akureyri fyrir starfsemi Fiskistofu, en auglýst hafði verið eftir húsnæði í janúar 2016. Talsverðar endurbætur og breytingar voru framkvæmdar á húsnæðinu sem var tekið í notkun í september.

### Nýtt húsnæði fyrir Hafrannsóknastofnun (Hafró)

Auglýst var eftir húsnæði í júní 2016 og óskað eftir að taka á leigu um 5.150 m<sup>2</sup> húsnæði þar af um 3.750 m<sup>2</sup> skrifstofu- og rannsóknarými og 1.400 m<sup>2</sup> geymslu, verkstæði og útgerðaraðstöðu.



Frumdrög að útliti húss Hafró.

Alls bárust þrettán tilboð. Eitt þeirra var frá Fornubúðum Eignarhaldsfélagi ehf. sem bauð húsnæði við Fornubúðir 5 í Hafnarfirði.

Tilboðið miðar við 3.750 m<sup>2</sup> nýbyggingu og 1.300 m<sup>2</sup> í eldri byggingu sem gert er ráð fyrir að hýsi geymslu, verkstæði og útgerðaraðstöðu. Boðinn er viðleguréttur fyrir skip Hafró við Suðurbakkann í Hafnarfjarðarhöfn.

Í desember samþykkti fagráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneytið að hefja formlegar samninga-viðræður við Fornubúðir Eignarhaldsfélag ehf. um leigu á húsnæði undir starfsemi Hafró.

## Fjármála- og efnahagsráðuneytið

### Arnarhvoli og gamla Hæstaréttarhús, innanhúss- framkvæmdir – áfangi 2

Árið 2015 unnu Gláma/Kím arkitektar ehf. ásamt verkfræðistofunni EFLU að áframhaldandi hönnun innanhúss í Arnarhvoli, nú við hönnun annars áfanga í innahússbreytingum og endurbótum. Annar áfangi nær einnig yfir vesturluta Arnarhvals. Um er að ræða 1. og 2. hæð og var sú verkframkvæmd boðin út í janúar 2016. Nokkur tilboð bárust, en hagstæðasta tilboðið átti Sérverk ehf. Áætlunargerð er í gangi fyrir þriðja og síðasta áfanga endurbóta og breytinga í Arnarhvoli, en þá er um að ræða allar hæðir í austurluta hússins. Áætlað er að það verk verði boðið út vorið 2017.

### Húsnæðismál Lögreglustjórans á Norðurlandi Eystra

Óskað var eftir að FSR skoðaði húsnæðismál Lögreglustjórans á NE í byrjun árs 2016. Unnið er að frumathugun og þarfagreiningu vegna húsnæðismála lögreglustjóraembættisins.

Núverandi húsnæði Lögreglustjórans á Norðurlandi Eystra við Þórunnarstræti 139, Akureyri, var byggt 1967. Við stofnun embættisins um áramótin 2014/2015 var yfirstjórn hins nýja embættis komið fyrir í lögreglustöðinni á Akureyri. Frá upphafi var ljóst að þrengja yrði að daglegri starfsemi lögreglunnar til að unnt væri að koma öllum fyrir og að til framtíðar yrði að huga að stækkun húsnæðisins.

Við embætti Lögreglustjórans á Norðurlandi Eystra er starfrækt almenn lögregludeild, sérstök rannsóknardeild og sérsveitardeild undir RLS. Undir embættið tilheyra starfsstöðvar á Húsavík, í Fjallabyggð, á Þórshöfn og Dalvík.

### Húsnæðismál Lögreglustjórans á Suðurlandi

Óskað var eftir að FSR skoðaði húsnæðismál Lögreglustjórans á Suðurlandi og kannaði hvaða möguleikar væru til staðar til að sameina embættið á einn stað á Hvolsvelli.

Í lok árs 2015 var hafin vinna við ráðgjöf vegna leiguhúsnæðis fyrir lögregluna á Suðurlandi en höfuðstöðvar hennar eru staðsettar á Hvolsvelli. Yfirstjórn lögreglunnar á Suðurlandi er að Austurvegi 6 í húsnæði sýslumannsins á Suðurlandi. Lögreglustöðin er á neðri hæð að Hlíðarvegi 16. Vinnsla minnisblaðs er nú lokið og hefur því verið komið til fjármála- og efnahagsráðuneytisins en þar eru lagðar til tvær leiðir á lausn á húsnæðismálum embættisins.

### Húsnæðismál Lögreglustjórans á Suðurnesjum

Unnið var að frumathugun vegna húsnæðismála Lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Við embættið er starfrækt almenn lögregludeild, sérstök rannsóknardeild og flugstöðvardeild í Flugstöð Leifs Eiríkssonar þar sem landamæragæsla er meginverkefnið.

Embættið er nú með meginstarfsstöðvar á þremur stöðum, þ.e. að Hringbraut 130, Brekkustíg 39 og í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Lögð er áhersla á að sameina aðstöðu lögreglustöðvar og skrifstofu lögreglustjóra á einum stað. Vinnsla þarfagreiningar og húsrýmisáætlunar er nú lokið og er unnið að frumathugunarskýrslu.

### Húsnæðismál Ríkislögreglustjóra og Lögreglu- stjórans á höfuðborgarsvæðinu

Unnið var að frumathugun vegna húsnæðismála Ríkislögreglustjóra og Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Ríkislögreglustjóri er með aðalskrifstofur að Skúlagötu 21 og aðra starfsemi í Skógarhlíð 14. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu er með höfuðstöðvar og eina lögreglustöð á Hverfisgötu 113–115 og þrjár aðrar starfsstöðvar tengdar höfuðstöðvunum á Vínlandsleið 2, Dalvegi 11 í Kópavogi og á Flatahrauni 11 í Hafnarfirði.

Sérstaða verkefnisins felst í umfjöllun um þarfir og húsrýmisáætlun tveggja stofnana í einu ásamt möguleikum til samnýtingar með því að þær verði í sameiginlegu húsnæði. Vinnsla þarfagreiningar og húsrýmisáætlunar er nú lokið og er vinna við frumathugunarskýrslu á lokastigi.

### Hverfisgata 113–115 – endurinnrétting búningsaðstöðu

Árið 2015 lauk niðurrifi og endurinnréttingu á 1. hæð vesturálmú, A og B hluta lögreglustöðvar að Hverfisgötu 113-115, Reykjavík. Einnig lauk niðurrifi eldra loftræsikerfis og nýtt loftræsikerfi með loftræsisamstæðu var fullgert. Lagðar voru nýjar frárennslislagnir í jörðu og innanhúss, ásamt neysluvatnslögnum og hitalögnum. Þá var og sett upp nýtt rafkerfi.

Verkið var undirbúið af verkkaupanum Ríkiseignum. Framkvæmdasýsla ríkisins kom að verkinu í lok áætlunargerðar og undirbjó það til lokaðs útboðs að undangengnu forvali hjá verkkaupa. Samið var við lægstbjóðanda, Einar P. & Kó. Verklegar framkvæmdir hófust 16. febrúar 2015 og þeim lauk á árinu 2015.

Í framhaldi af framangreindri framkvæmd var gerður viðbótarsamningur við verktakann um að endurinnrétta um 220 m<sup>2</sup> búningsaðstöðu í kjallara hússins. Verkinu lauk í júní 2016.

### Hverfisgata 113–115 – frágangur utanhúss

Um er að ræða lögreglustöðina að Hverfisgötu 113–115 í Reykjavík. Verkið fól í sér endurbætur utanhúss á Hverfisgötu 115. Gluggar hússins voru fjarlægðir og komið fyrir nýjum álguggum í þeirra stað. Jafnframt voru gerðar múrviðgerðir, húsið var endurmálað og grafið fyrir nýjum stoðvegg ásamt uppsteypu og frágangi.

Verkkaupi er Ríkiseignir. Framkvæmdasýsla ríkisins kom að verkinu þegar tilboð í verkið höfðu verið opnuð. Samið var við lægstbjóðanda, Einar P. & Kó slf. Verklegar framkvæmdir hófust í janúar 2016 og þeim lauk að mestu á árinu 2016.

### Leiguverkefni

Leiguverkefnum fyrir önnur ráðuneyti en fjármála- og efnahagsráðuneytið og stofnanir þeirra er lýst í köflum viðkomandi ráðuneyta en þau vinna FSR í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið.

### Lækur í Flóa – íbúðarhús

Framkvæmdir við byggingu íbúðarhúss fyrir ábúendur á ríkisjörðinni Læk í Flóa sem hófust 2015 héldu áfram eftir áramót. Um er að ræða 170 m<sup>2</sup> íbúðarhús með 40 m<sup>2</sup> viðbyggðum bílskúr sem Jarðasjóður ríkisins, f.h. fjármála- og efnahagsráðuneytisins, leggur ábúendum til en eldra íbúðarhús varð fyrir altjóni í jarðskjálftunum 2002 og 2008. Verktaki var Eðalbyggingar ehf. og var áætlað að verkinu lyki í apríl 2016.

Húsið var endanlega afhent ábúendum um miðjan ágúst 2016.

### Tollhúsið Tryggvagötu 19 – endurbætur

Verkið samanstendur af þremur megin þáttum:

- Múr- og steypuviðgerðum utanhúss á fyrstu tveimur hæðum Tollhússins og Geirsbrúar.
- Endurnýjun þakefna á Geirsbrú og yfir annarri hæð á Tollhúsi.
- Byggingu millilofts innanhúss.

Verkið utanhúss hófst í maí 2015 og lauk í lok maí 2016 en vegna óhagstæðs veðurfars um veturinn 2015/2016 töfðust nokkrir verkþættir og var þeim lokið í apríl og maí 2016. Verkið innanhúss hófst í febrúar 2016 og var að mestu lokið í byrjun júní 2016 fyrir utan nokkra verkþætti sem lokið var við í september 2016.

Heildarkostnaður nemur um 252 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 265 m.kr.



Unnið við endurnýjun á þaki Tollhússins.





Fangelsið á Hólmsheiði.

## Innanríkisráðuneytið

### Fangelsi á Hólmsheiði

Vinna við nýtt fangelsi á Hólmsheiði hófst árið 2013. Þá var fyrsti áfangi boðinn út en hann fólst í jarðvinnu og vinnu vegna heimtauga. Næsti áfangi verksins, hús og lóðarfrágangur, var auglýstur 17. ágúst 2013 og voru tilboð opnuð 5. desember 2013. Á árinu 2016 var unnið við utan- og innanhússfrágang og við lóðarfrágang. Vinna við öryggiskerfi hússins voru umfangsmikil á árinu. Húsið var tekið í notkun að lokinni stöðuúttekt í lok október 2016.

Aðalhönnuður er Arkís arkitektar ehf., hönnunarstjóri er Björn Guðbrandsson. Mannvit hf. annast burðarþol, lagna- og hljóðhönnun, Verkís hf. annast rafmagns-lýsingar- og öryggishönnun og VSI brunahönnun. Umsjónarmenn listskreytinga eru Anna Hallin og Olga Bergmann.

### Húsnæði fyrir hælisleitendur

Á árinu 2016 var unnið að öflun húsnæðis fyrir hælisleitendur, í nánú samstarfi við starfsmenn Útlendingastofnunar, þar sem hælisleitendum hefur fjölgað verulega hérlandis á síðustu misserum. Meðal annars var unnið við gerð auglýsinga eftir húsnæði, lagt mat á húsnæði sem boðið var og komið að gerð húsaleigusamninga. Unnið verður áfram við verkefnið á næsta ári.

### Húsnæðismál Vegagerðarinnar

Í lok árs 2014 var óskað eftir að Framkvæmdasýsla ríkisins ynni frumathugun og þarfagreiningu vegna húsnæðismála Vegagerðarinnar.

Í verkefninu felst vinna og umsjón með frumathugun og þarfagreiningu ásamt húsrýmisáætlun vegna undirbúnings breytinga á húsnæðismálum Vegagerðarinnar. Vegagerðin er í dag með starfsemi á fjórum stöðum á höfuðborgarsvæðinu og er stefnt að því að koma starfseminni fyrir á einum stað í framtíðinni. Vinnsla þarfagreiningar og húsrýmisáætlunar er nú lokið og er vinna við frumathugunarskýrslu á lokastigi.

### Nýtt húsnæði fyrir embætti héraðssaksóknara

Nýtt embætti héraðssaksóknara tók til starfa á árinu 2016. Unnin var frumathugun fyrir embættið, þ.m.t. þarfagreining og húsrýmisáætlun.

Embættinu var komið fyrir við Skúlagötu þar sem áður var starfsemi sérstaks saksóknara. Nokkrar breytingar þurfti að gera á húsnæðinu.

### Nýtt húsnæði fyrir Landsrétt

Alþingi samþykkti þann 7. júní 2016 að komið yrði á fót millidómstigi í landinu, Landsrétti. Landsréttur er áfrýjunardómstóll með aðstöðu í Reykjavík og er miðað við að hann taki til starfa 1. janúar 2018.

Unnin var frumathugun á vegum Framkvæmdasýslunnar sem kynnt var innanríkisráðuneytinu og

fleirum í október. Þar voru greindar þarfir vegna starfsemi dómstólsins hvað varðar stærð og skipulag húsnæðis og metinn stofn- og rekstrarkostnaður hinna ýmsu lausna sem þykja koma til greina. Gerð var húsrýmisáætlun þar sem fram kemur fjöldi starfsmanna, stærðir rýma o.fl.

Unnið verður áfram að verkefninu á næsta ári.

### Nýtt húsnæði fyrir Sýslumanninn á höfuðborgarsvæðinu

Embætti sýslumannsins í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði voru sameinuð í eitt embætti þann 1. janúar 2015. Nýja heitið er Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu. Stjórnarsýsla sameinaðs embættis nær yfir sveitarfélögin Reykjavíkurborg, Kópavogsbæ, Hafnarfjarðarkaupstað, Garðabæ, Seltjarnarneskaupstað, Mosfellsbæ og Kjósarhrepp.

Starfsstöðvar embættanna þriggja voru í Reykjavík, Kópavogi og í Hafnarfirði og var fermetrafjöldinn í starfsstöðvunum alls um 4.470 m<sup>2</sup>.

Í desember 2015 var auglýst eftir 2.800 m<sup>2</sup> húsnæði fyrir embættið og í janúar 2016 var gengið til samninga við fasteignafélagið Regin hf. um leigu á um 2.950 m<sup>2</sup> húsnæði fyrir stofnunina. Skrið var undir leigusamning í júní 2016. Stærð á nýju húsnæði er því um 1.520 m<sup>2</sup> minna en eldri hús eða sparnaður í húsnæði um 34%.

Húsnæðið er byggt 2005 og er á fimm hæðum. Verulegar breytingar þurfti að framkvæma á húsinu þannig að það uppfyllti kröfur embættisins. Húsnæðið var tekið í notkun í áföngum í lok árs 2016.



Nýjar höfuðstöðvar Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu að Hlíðasmára 1 í Kópavogi.

## Verkefnastjóri Hrein samskipti virka



Bergljót S. Einarsdóttir

Starfsmaður FSR

### Nýtt húsnæði fyrir Útlendingastofnun

Útlendingastofnun er sem stendur í um 770 m<sup>2</sup> húsnæði við Skógarhlíð í Reykjavík. Umsvif stofnunarinnar hafa aukist verulega á undanförunum misserum og hefur starfsmönnum fjölgað talsvert. Leitað er lausna en samkvæmt þarfagreiningu þarf stofnunin um 1.200 m<sup>2</sup> húsnæði. Gerðar voru kostnaðargreiningar miðað við að stofnuninni verði komið fyrir í fyrrverandi húsnæði sýslumannsins í Kópavogi við Dalveg. Unnið verður áfram við verkefnið á næsta ári.

### Verkefni innan öryggissvæðis Keflavíkurflugvallar

Framkvæmdasýslan hefur annast umsjón og eftirlit við endurbætur á raflögnum í byggingum á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli fyrir Landhelgisgæsluna. Framkvæmdirnar hafa verið boðnar út í áföngum og er alls 7 áföngum lokið. Einnig er unnið að ýmsum öðrum endurbótum í byggingum og mannvirkjum á svæðinu.

Á árinu 2016 var unnið að 7. áfanga í byggingu nr. 831 en 6. áfanga í byggingu nr. 130 lauk um áramótin 2015/2016. Auk þess hófst 1. áfangi við þakendurnýjun og breytingar innanhúss í byggingu nr. 130.

Í 6. áfanga fólst verkið í rafkerfisbreytingum og auk þess í umfangsmiklum endurbótum á vatns- og kællilögnum ásamt breytingum á loftræsikerfum. Heildarkostnaður nemur um 383 m.kr. og er fjárhæðin án virðisaukaskatts, eins og allar framkvæmdir á öryggissvæði Keflavíkurflugvallar.

Í 7. áfanga fólst verkið í rafkerfisbreytingum á flugskýlinu. Verkinu lauk að mestu í janúar 2016 fyrir utan nokkra verkþætti sem lokið var við í apríl 2016. Heildarkostnaður nemur um 89 m.kr. án virðisaukaskatts.

1. áfangi við þakendurnýjun og breytingar innanhúss í byggingu nr. 130 var boðinn út í október 2016. Tekið var tilboði ÍAV að fjárhæð um 125,1 m.kr. sem er um 104,7% af kostnaðaráætlun.

Hafist var handa á verkstað þann 8. nóvember 2016. Eins og áður hefur komið fram er byggingin stjórnstöð samþætts loftvarnakerfis NATO hér á landi.

## Mennta- og menningarmálaráðuneytið

### Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur

Í Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur (SVF) í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands við Brynjólfsgötu 1 í Reykjavík mun fara fram nýsköpun og rannsóknir, nám og kennsla á öllum námsstigum á þessu sviði. Í húsinu eru 12 kennslustofur, tungumálamiðstöð, heimasvæði tungumála, fyrirlestrasalur, bóka- og gagnasafn, upplifunar- og fræðslusetur, Vigdísarstofa, sem opin verður almenningi, vinnurými doktorsnema, auk skrifstofa og stoðryma.

Verkkaupi er mennta- og menningarmálaráðuneytið fyrir Háskóla Íslands en umsjón með verkefninu hefur Framkvæmdasýsla ríkisins.

Aðalhönnuður er Andrum arkitektar ehf. (áður arkitektur.is) sem annast arkitektúr verksins, þar með talið byggingarnefndarteikningar og sérteikningar, auk þess að vera samræmingaraðili. Samstarfsaðilar

í hönnunarteyminu eru, auk aðalhönnuða, Verkís hf. sem annast hönnun burðarþols, lagna, raflagna, lýsingarhönnun og bruna- og öryggishönnun, Trivium ráðgjöf sem annast hljóðhönnun og Hornsteinar arkitektar sem eru ráðgjafar BREEAM vottunar.

Heimild til áætlunargerðar var veitt 13. desember 2011 en heimild til útboðs að lokinni áætlunargerð var veitt af SOF 23. desember 2014.

Byggingin er 3.473 m<sup>2</sup> á fjórum hæðum og síðan tengja 201 m<sup>2</sup> undirgöng undir Suðurgötu bygginguna við Háskólatorg. Tilboð voru opnuð hjá Ríkiskaupum 10. febrúar og verkkaupi samþykkti með bréfi 19. febrúar 2015 að ganga til samninga við Eykt ehf., sem var lægstbjóðandi í verkið samkvæmt tilboði þeirra upp á 1.367.519.066 kr. sem var 96,7% af kostnaðaráætlun.

Verklok skyldu vera 15. október 2016 en verktaki lagði fram endurskoðaða verkáætlun 28. júlí 2015 og aðra endurskoðaða 7. mars sem gerir ráð fyrir verklokum í lok árs 2016. Gildandi verkáætlun kveður á um verklok í lok árs 2016 en á fundi með verkkaupa var verktaka gert að skila nákvæmari og trúverðugðri áætlun um verklok. Þá lagði hann fram sundurliðaða áætlun um verkþætti innanhúss sem síðan hefur verið fylgt eftir og hún yfirfarin í hverri viku til að tryggja framgang hennar.



Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur.



Samkvæmt henni verða verkskil í febrúar 2017 og húsið tilbúið og fullgerðar viðtökuúttektir fyrir 15. mars 2017.

### Fjölbrautaskóli Suðurlands – stækkun verknámsaðstöðu

Á árinu 2016 hélt verktakinn Jáverk ehf. áfram smíði viðbyggingar og endurbyggingar eldra húss verknámsaðstöðunnar sem nefnist Hamar. Viðbyggingin er um 1.700 m<sup>2</sup> á einni hæð og endurbætur á núverandi verknámshúsi um 1.150 m<sup>2</sup>. Framkvæmdum lauk að mestu á árinu og var viðbyggingin og endurbygging eldra húss tekin í notkun í áföngum. Samhliða var umhverfi og aðgengi að nýju viðbyggingunni bætt til muna með tilliti til hreyfihlaðra. Unnið var að búnaðarkaupum á öllum lausum húsbúnaði fyrir nýbygginguna og auk þess á sérhæfðum búnaði fyrir raf-, tré- og málmdeild. Viðbyggingin og endurgerð eldra húsnæðis Hamars ásamt endurnýjun búnaðar er bylting í aðstöðu nemenda og starfsfólks skólans. Eftir breytingarnar er verknámsdeild FSu einn best búni framhaldsskóli landsins í þeim verknámsgreinum sem þar eru kenndar.

Verkkaupar eru mennta- og menningarmálaráðuneytið og Sveitarfélagið Árborg, Héraðsnefnd Árnesinga, Héraðsnefnd Rangæinga og Héraðsnefnd Vestur-Skaftfellinga. Umsjón hefur FSR og er verkefnisstjóri Ármann Óskar Sigurðsson.

Staða verkefnis: Á lokastigi.



Verknámshúsið Hamar í FSu.

### Hús íslenskra fræða

Vilji er hjá stjórnvöldum að halda áfram með Hús íslenskra fræða og gert er ráð fyrir fjármagni til verkefnisins í fjárlögum.

## Verkefnastjóri Frumathugun er forsendan



Gíslína Guðmundsdóttir

Starfsmaður FSR

Hús íslenskra fræða mun hýsa Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands (áður Íslenskuskor Háskóla Íslands).

Byggingin mun rísa á lóð nr. 5 við Arngrímögötu. Lóðin afmarkast af Suðurgötu til austurs, Guðbrandsgötu til suðurs og Arngrímögötu til vesturs. Norðanmegin við Hús íslenskra fræða er Þjóðarbókhlaðan.

Hús íslenskra fræða var boðið út í tveimur áföngum fyrri hluta árs 2013, jarðvinnuframkvæmdir í janúar 2013 og húsbýgging í mars 2013. Jarðvinnuframkvæmdum lauk síðsumars 2013.

Endurskoða þarf hönnun og kostnaðaráætlun. Haustið 2016 var fundað með fulltrúum verkkaupa og notendum um hönnun og notkun byggingarinnar. Stefnt er að útboði verklegrar framkvæmdar húsbýggingar um mitt ár 2017 og að byggingin verði tekin í notkun haustið 2020.

### Húsnæðismál mennta- og menningarmálaráðuneytisins

Mennta- og menningarmálaráðuneytið óskaði í júní 2015 eftir að Framkvæmdasýsla ríkisins ynni frumathugun og þarfagreiningu vegna húsnæðismála ráðuneytisins.

Í verkefninu felst vinna og umsjón með frumathugun og þarfagreiningu, ásamt húsrýmisáætlun vegna undirbúnings breytinga á innra skipulagi húsnæðis ráðuneytisins að Sölvhólsgötu 4.

Frumathugunarskýrsla ásamt þarfagreiningu og húsrýmisáætlun er til skoðunar í ráðuneytinu.



Viðbyggingin við Menntaskólann við Sund.

## Menntaskólinn við Sund – viðbygging

Framkvæmdir við viðbyggingu við Menntaskólann við Sund héldu áfram árið 2016.

Verkframtækningin var boðin út í mars 2014 og bærust alls átta tilboð. Samið var við lögstjóðenda, Jáverk ehf. Verkið er á eftir áætlun en búist var við að því lyki um áramótin 2015/2016.

Árið 2016 fór að mestu í það að reyna að ljúka óloknum verkþáttum og lokaúttekt byggingarfulltrúa. Töluvert var um galla og ólokna verkþætti í byggingunni í lok árs 2016 sem eru í uppgjörsferli.

## Þjóðarbókhlaðan – loftræsikerfi

Loftræsikerfi Þjóðarbókhlaðunnar var orðið bilanagarnt og veitti mennta- og menningarmálaráðuneytið 40 m.kr. í að endurnýja það og stýringar þess. Verkinu lauk á árinu 2015 og var kerfið þá sett í prufurekstur og endanlega úttekið í upphafi árs 2016. Heildarkostnaður varð 38 m.kr. eða aðeins undir kostnaðaráætlun.

## Þjóðleikhúsið – frumathugun búnaðar

Að beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytisins í maí 2015 hóf Framkvæmdasýsla ríkisins vinnu við frumathugun og þarfagreiningu vegna búnaðarmála Þjóðleikhússins.

Um er að ræða endurnýjun á svokölluðu flugkerfi, leikhúslýsingu, hljóðkerfi og vélbúnaðs hringsviðs, auk afleiddra þátta sem því tengjast. Ljóst er að nánast allur sviðsbúnaður í húsinu er úreltur þar sem litlar sem

engar úrbætur hafa verið gerðar á búnaði frá opnun hússins árið 1950.

Vinnsla þarfagreiningar og búnaðaráætlunar er nú lokið og er vinna við frumathugunarskýrslu á lokastigi.

## Þjóðskjalasafn Íslands – endurbætur

### Hús 1

Framkvæmdum við rishæð húss 1 var haldið áfram í byrjun ársins. Rishæðin var endurgerð að miklu leyti utan- og innanhúss. Innra skipulag var svipað en með möguleika á samtengingu fundarrýma og kaffistofu til þess að auka gestagetu hæðarinnar. Verktaki, HK Verktakar ehf., kláraði verkefni sem fram komu í lokaúttekt FSR í byrjun árs og var verkinu formlega lokið í maí.

FSR aðstoðaði notenda, Þjóðskjalasafn Íslands, við búnaðarkaup í gegnum örútböð meðal aðila rammisamnings Ríkiskaupa RK 04.01 Húsgögn. Samið var við Á. Guðmundsson um kaup á húsgögnum og voru þau afhent í upphafi ársins.

Verkefnastjóri  
Fagmennska  
blívur



Guðbjartur Á. Ólafsson

Starfsmaður FSR

## Hús 5

Vinna við undirbúning útboðs um utan- og innan-hússframkvæmdir var tekin upp að nýju eftir nokkurra ára hlé en verkefnið fór í bið vegna fjárskorts. Verkefnið var endurmetið og notandi, Þjóðskjalasafn Íslands, setti fram nokkrar óskir um breytta hönnun. Meðal annars:

1. Hita- og rakastig. Ósk um að geta verið með annað hita- og rakastig í geymslum þar sem geyma á önnur gögn en hefðbundin skjöl, svo sem filmur, ljósmyndir, viðkvæman pappír, stafræn gögn o.fl.
2. Eldtraustar hurðir. Ósk um endurskoðun á endurnýtingu núverandi eldvarnarhurða m.v. niðurstöðu skoðunar og mats brunavarnarhönnuðar á ástandi núverandi hurða með tilliti til byggingarreglugerðar.
3. Raflagnir. Óskir um lagnir fyrir öryggis-myndavélar, samþættingu aðgangskortakerfis við núverandi kerfi og tengingu húss 5 við innra net Þjóðskjalasafnsins.
4. Varðveisla veggis á 2. hæð. Þörf á að varðveita vegg milli rýma sem upphaflega var gert ráð fyrir að rífa. Í ljós hefur komið að hæðarmunur er milli gólfa rýmanna sitt hvoru megin við vegginn og er hagkvæmara að varðveita hann til þess að taka upp þennan hæðarmun, auk þess sem uppskiptingin í tvö rými getur aukið sveigjanleika hússins á varðveislu muna með mismunandi kröfur til hita- og rakastigs.

Verkkaupi heimilaði endurskoðun útboðsgagna miðað við framangreindar óskir og var áætlað að klára útboðsgögn í upphafi næsta árs og bjóða verkið út.

Starfsmaður FSR



Guðni Geir Jónsson

Fjármálastjóri  
Excel  
er málið

Bókari  
Þolinmæði og  
nákvæmni er  
nauðsynleg



Guðrún V. Árnadóttir

Starfsmaður FSR

## Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Helstu verkefni sem unnin voru fyrir umhverfis- og auðlindaráðuneytið tengdust ofanflóðavörnum. Framkvæmdasýsla ríkisins hefur umsjón með slíkum verkefnum fyrir verkkaupa sem eru viðkomandi sveitarfélag og Ofanflóðasjóður.

Að auki var unnið að smærri verkefnum fyrir stofnanir ráðuneytisins.

## Bílastæði og göngustígar við Dynjanda í Arnarfirði

Framkvæmdasýslan hafði umsjón með útboði á endurnýjun og stækkun bílastæða og göngustíga við fossinn Dynjanda í Arnarfirði. Verkefnið var hluti af sérstöku átaki stjórnvalda í bættu aðgengi ferðamanna að vinsælum áningastöðum. Umhverfisstofnun hafði umsjón með gerð útboðsgagna. Útboð fór fram í júlímánuði. Eitt tilboð barst og var því hafnað. Fyrirhugað er að bjóða framkvæmdina aftur út á næsta ári.

## Gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs Kirkjubæjarklaustri

Við stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs var gert ráð fyrir að komið yrði upp neti upplýsinga- og þjónustustaða þjóðgarðsins. Þjónustunetið byggir á þremur megineringum, þ.e. gestastofum, sem jafnframt verða skrifstofur þjóðgarðsins, starfsstöðvum landvarða og upplýsingastofum.

Að beiðni umhverfis- og auðlindaráðuneytisins var, í framhaldi af fréttatilkynningu dags. 5.11.2015, óskað eftir að Framkvæmdasýsla ríkisins ynni frumathugun, áætlunargerð og hefði umsjón með verklegri framkvæmd vegna fyrirhugaðrar byggingar gestastofu á Kirkjubæjarklaustri fyrir vestursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs.



Gert er ráð fyrir að gestastofan hýsi skrifstofur vestursvæðisins fyrir umsýslu og daglegan rekstur og sýningarsvæði sem snýr að kennslu, fræðslu og upplýsingastarfi.

Vinnslu frumathugunarskýrslu ásamt þarfagreiningu og húsrýmisáætlun er lokið og er verkefnið í áætlunargerðarfasa. Gert er ráð fyrir að bygging gestastofunnar hefjist á haustmánuðum 2017.

### Geysir – framkvæmdir vegna stíga- og pallagerðar á ríkisjörðinni Laug

Að beiðni Umhverfisstofnunar haustið 2015 var óskað eftir að Framkvæmdasýsla ríkisins ynni frumathugun, áætlunargerð og hefði umsjón með verklegri framkvæmd vegna stíga- og pallagerðar á ríkisjörðinni Laug við Geysi í Haukadal.

Framkvæmdasvæðið er utan girðingar sem er umhverfis hverasvæðið og er framkvæmdasvæðið í eigu ríkisins. Byggir hönnun á tillögu sem hlaut fyrstu verðlaun í samkeppni um skipulag og hönnun Geysissvæðisins vorið 2014.

Verkefnið felst í gerð frumathugunar, umsjón með áætlunargerð og umsjón með verklegri framkvæmd vegna stíga og útsýnispallagerðar á ríkisjörðinni Laug, frá Biskupstungnavegi og upp á topp Laugafells. Gert er ráð fyrir stígatengingu við hverasvæði Geysis.

Verkefnið er stadd í framkvæmdafasa.

Starfsmaður FSR



Gunnar Sigurðsson

Verkefnastjóri  
Fagmennska  
í fyrirrúmi

Eftirlitsmaður  
Sanngirni  
er málið



Hreinn Sigurðsson

Starfsmaður FSR

### Gullfoss – nýr stigi milli efri og neðri útsýnissvæða

Framkvæmdin er hluti af stærra heildarverkefni sem miðar að því að tryggja verndun friðlandsins við Gullfoss og nær aftur til ársins 2012, þegar ráðist var í hönnunarsamkeppni fyrir Gullfosssvæðið.

Jarðvegsframkvæmdir og bygging undirstöðu stigans hófust í byrjun sumars og lauk í september. Í byrjun október kom mikið ofanflóð eftir miklar rigningar sem skemmdi hluta undirstaða og olli töluverðum skemmdum á svæðinu. Hluti undirstaða þurfti að endurgera, auk þess sem gerðar voru fyrirbyggjandi ráðstafanir til að mæta slíkum ofanflóðum seinna meir. Meðal annars var lögð sver frárennislögn í stigasvæðið og út í gljúfur Hvítár með tilheyrandi safnbrunnum.

Framkvæmdir allar eru erfiðar og þarf að gæta mikils öryggis ekki hvað síst vegna hins mikla fjölda ferðamanna sem sækir svæðið. Smíði og uppsetning stálstigans var boðin út síðsumars og verður stiginn smíðaður um veturinn og settur upp þegar snjóla leysir vorið 2017.

### Nes- og Bakkagil Neskaupstað – varnarvirki

Frumathugun hefur farið fram en hvorki verkhönnun né gerð útboðsgagna. Samkvæmt frumathugun Verkís hf. er lagt til að byggður verði 600 metra langur og 14 til 20 metra hár þvergarður fyrir ofan byggðina. Fyrir ofan þvergarðinn verður komið fyrir tuttugu 10 metra háum keilum í tveimur röðum. Markmið með byggingu varnarvirkjana er að stöðva hugsanleg snjóflóð fyrir ofan byggðina. Mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram og fyrir liggur frummatsskýrsla dagsett í mars 2016 og álit Skipulags-stofnunar um mat á umhverfisáhrifum dagsett 11. nóvember 2016. Á næsta ári munu fara fram rannsóknir á vatnafari með tilliti til stöðu grunnvatns og fylgst verður með því fyrir og eftir framkvæmdir.

### Ofanflóðavarnir Bíldudal – jarðvinna neðan Búðargils

Verkið felur í sér í endurhleðslu og rofavörn þéttigarðs og fleygun klapparhafts upp af syllu í gilsmynni Búðargils til að auðvelda leysingavatni og krapa skemmstu leið niður í vatnsrás. Jafnframt uppmokstur úr farvegi niður fyrir tjarnir og rofavörn efsta hluta farvegar. Einnig aðgerðum við veg til að tryggja að vatn af skeringarsvæði, austan snjóflóðavarnargarðs, eigi greiða leið niður í ræsi undir Lönguhlíð.

Verkhönnun annaðist Verkís hf. Verkið var boðið út og tilboði tekið frá lægstbjóðanda. Framkvæmdir hófust haustið 2016 og þeim lauk að mestu í desember. Unnið verður að uppgæðslu sumarið 2017.

### Ofanflóðavarnir Eskifirði – Hlíðarendaá – varnarvirki

Um er að ræða krapaflóðsvarnir í og við farveg Hlíðarendaár. Verkhönnun annaðist EFLA verkfræðistofa og Landmótun. Verkið felst í að breikka og dýpka efri hluta Hlíðarendaár og móta bakka með grjóthleðslum og steypa 120 metra langan og 3,6 metra háan leiðivegg austan við efri hluta skurðar. Skurðurinn er 230 metra langur, 5 metra breiður og 3 metra djúpur. Landmótun og yfirborðsfrágangur felst í mótun svæða við skurðbakka og leiðivegg og gerð göngustíga og uppgæðslu.



*Krapaflóðsvarnir í og við farveg Hlíðarendaár.*

Verkið hófst í júlí 2015 og verklok voru í september 2016. Unnið verður áfram við gróðursetningu sumarið 2017.

## BIM-sérfræðingur Upplýsingatækni er málið



*Ingibjörg Birna Kjartansdóttir*

Starfsmaður FSR

### Ofanflóðavarnir Eskifirði – Lambeyrará

Um er að ræða krapaflóðsvarnir í og við farveg Lambeyrarár. Frumathugun hefur farið fram og gert er ráð fyrir að verkhönnun hefjist á árinu 2017.

### Ofanflóðavarnir Eskifirði – Ljósá – varnarvirki

Um er að ræða krapaflóðsvarnir í og við farveg Ljósár á Eskifirði. Einnig verða byggðar steiptar brýr yfir Ljósá á Strandgötu og á Steinholtsvegi. Verkhönnun annast EFLA verkfræðistofa og Landmótun. Útboðið var auglýst í desember 2016, framkvæmdir skulu hefjast vorið 2017 og ljúka sumarið 2018.



*Ljósá á Eskifirði.*

### Ofanflóðavarnir Ísafirði – byggðin neðan Gleiðarhjala

Framkvæmdir við aur- og snjóflóðagarða fyrir ofan byggð neðan Gleiðarhjala á Ísafirði héldu áfram á árinu 2016. Verkkaupar eru Ísafjarðarbær og Ofanflóðasjóður. Umsjón hefur Framkvæmdasýsla ríkisins. Verkfræðistofan Mannvit hf. og Teiknistofan Eik ehf. sjá um hönnun.

Um er að ræða tvo snjóflóðavarnargarða. Lengri þvergarðurinn er um 380 metra langur og allt að 14 metra hár. Garðarnir eru byggðir upp með brotnu grjóti og styrkingarkerfi flóðmegin.

Ennfremur er byggður einn aurflóða-varnargarður. Unnið var að lokafrágangi. Lokaúttekt fór fram í byrjun

september 2016. Á næsta ári er áætlað að bjóða út frágang áningarstaða og vinna áfram að uppgræðslu varnargarðanna og raskaðs svæðis umhverfis þá.

### Ofanflóðavarnir Ísafirði – uppsetning stoðvirkja í Kubba

Verkið felur í sér að setja uppstoðvirki úr stáli (e. snow bridges), einnig kallaðar stálgrindur eða grindur, til snjóflóðavarna á upptakasvæðum snjóflóða í Bröttuhlíð í Kubba ofan Holtahverfis á Ísafirði. Verkkaupi leggur til efni til verksins, til uppbyggingar á stál-grindum, samkvæmt samningi við efnissala. Áformað er að koma upp um 1900 metra af stálgrindum. Verkís hf. annaðist verkhönnun. Lagður var vegur upp að fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og var unnið að undirbúningi uppsetningar stoðvirkja á árinu 2016. Unnið verður að uppsetningu sumarið 2017 og stefnt að verklokun í september 2018.

### Ofanflóðavarnir Neskaupstað, varnargarðar og keilur undir Tröllagili

Framkvæmdir við varnargarða og keilur undir Tröllagili hófust vorið 2011. Um er að ræða 660 metra langan þvergarð, um 420 metra langan leiðigarð og 24 snjóflóðavarnarkeilur. Í verkinu felst mótun og frágangur snjóflóðagarða, gerð vegslóða, göngustíga og fleira. Útboðsverki lauk í lok október 2015, en áfram hefur verið unnið við gróðursetningu við áningarsvæðið og sáningu og áburðargjöf á garða og keilur.

Verkkaupar eru Fjarðabyggð og Ofanflóðasjóður. Umsjón hefur Framkvæmdasýsla ríkisins. Frumhönnun annaðist Verkís hf. Verkhönnun varnargarða vann EFLA verkfræðistofa, ásamt Landmótun sf. Verktaki við uppbyggingu varnargarða og keila var Héraðsverk ehf.

Starfsmaður FSR



Ingibjörg Guðveig Ólafsdóttir

Móttökuritari  
Þjónustulund  
léttir lífið

Eftirlitsmaður  
Áhersla á  
aðalatriðin er  
mikilvægust



Ívar Már Markússon

Starfsmaður FSR

### Ofanflóðavarnir Patreksfirði – uppsetning snjó-söfnunargrinda og vindkljúfa

Verkið er tvíþætt og felst annars vegar í að setja upp snjó-söfnunargrindur úr stáli (e. snow fences) og hins vegar að setja upp svokallaða vindkljúfa úr stáli og timbri á steyppta undirstöðu ofan upptakasvæða Urða og Klífs. Verkkaupi leggur til efni til verksins til uppbyggingar á stálgrindum og vindkljúfum samkvæmt samningi við efnissala. Áformað er að setja upp um 240 metra af snjó-söfnunargrindum og fimm vindkljúfa sumarið 2017. Verkís hf. sá um hönnun og gerð útboðsgagna. Framkvæmdin verður boðin út í byrjun árs 2017.

### Ofanflóðavarnir Patreksfirði – varnir ofan við Sigtún

Frumathugun er lokið þar sem lagt var til að 6 til 11,5 metra háir þvergarður verði byggður í slakka ofan byggðarinnar. Til að milda ásýndina er lagt til að garðurinn verði grafinn niður um 1 til 3 metra þannig að hann standi ekki nema 5 til 9 metra yfir óhreyfðu landi. Unnið er að gerð kynningarskýrslu. Áformað er að senda skýrsluna til Skipulagsstofnunar til umsagnar á næsta ári.

### Ofanflóðavarnir Tálknafirði – varnargarður

Frumathugun er í vinnslu. Lagt er til að 6 til 9,5 metra háir leiðigarðar verði byggðir á aurkeilunni neðan Geitárhorna sem leiði snjó- og krapafloð eftir henni miðri, um auða lóð og út í sjó. Óvíst er hvenær framkvæmdir geta hafist. Drög að kynningarskýrslu voru send til Skipulagsstofnunar til yfirlstrar í apríl 2016. Unnið var úr athugasemdum Skipulagsstofnunar vegna skýrslunnar. Aðalskipulagi var breytt og deiliskipulag fór í kynningu. Áformað er að halda áfram með verkefnið á næsta ári.



### Siglufjörður, Ríplar, endurbætur

Verkið felur í sér hreinsun aurs og grjóts úr skeringum og skurðum ofan snjóflóðavarnargarða/Rípla, mótun frárennslisrása, hækkun vegar og lagningu ræsis á tilteknum stöðum við snjóflóðavarnargarðana og landmótun við svokallaðan Ríplabás. Verkið er tilkomið vegna aurskriðu sem féll á garðana 28. ágúst 2015. Framkvæmdum lauk að mestu haustið 2016, unnið verður við uppgræðslu sumarið 2017.

### Snjóflóðavarnir Neskaupstað Tröllagil – upp-takastoðvirki

Á árunum 2009 og 2010 voru byggð upptakastoðvirki úr stálbitum og láréttum stálprófilum efst í fjallinu ofan við Neskaupstað í Tröllagili. Mikið mæðir á þessum mannvirkjum. Í samvinnu við Fjarðabyggð er ráðgert að koma á reglulegu eftirliti og viðhaldi. Gert er ráð fyrir eftirlitsferð (skoðun stálvirkja) og skýrslugerð um ástand mannvirkjanna á hverju vori. Einnig er reglulegt eftirlit á netunum sem sett voru upp í Drangagili. Mannvirkið hefur þarfnast mikils viðhalds.



Netin í Drangagili.

### Snjóflóðavarnir Siglufirði, N-Fífladalir, uppsetning stoðvirkja 3. áfangi

Verkið felur í sér að setja upp stoðvirki úr stáli (e. snow bridges) á upptakasvæðum snjóflóða til snjóflóðavarna í N-Fífladöllum ofan byggðar á Siglufirði. Þetta er 3. áfangi framkvæmda við uppsetningu stoðvirkja á Siglufirði. Um verkhönnun sá Verkís hf. Útboð fór fram í maí 2015. Samið var við Köfunarþjónustuna ehf. Verktaki hóf störf í fjallinu í lok ágúst 2015. Unnið var áfram sumarið 2016 og gekk framkvæmdin vel. Framkvæmdum skal lokið í september 2018.



Uppsetning stoðvirkja í N-Fífladöllum.

### Urðarbotnar og Sniðgil Neskaupstað – varnarvirki

Frumathugun er lokið en verkhönnun og gerð útboðsgagna er ekki hafin. Samkvæmt frumathugun Verkís hf. er lagt til að byggður verði 375 metra langur og 12 til 17 metra háur þvergarður norðan við Blómsturvelli. Jafnframt er lagt til að byggðar verði fimmtán 8 metra háar keilur í tveimur röðum fyrir ofan þvergarðinn. Markmið með byggingu varnarvirkjanna er að stöðva hugsanleg snjóflóð fyrir ofan byggðina en einnig að verja byggðina fyrir aurflóðum og hugsanlegu berghlaupi úr Urðarbotnum. Mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram og fyrir liggur frummatsskýrsla, dagsett í mars 2016, og álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum, dagsett í nóvember 2016. Á næsta ári munu fara fram rannsóknir á vatnafari með tilliti til stöðu grunnvatns og fylgst verður með því fyrir og eftir framkvæmdir. Áform eru um að hefja verkhönnun og gerð útboðsgagna á næsta ári.



Ofanflóða-  
sérfræðingur  
Styrkleiki, áráðni,  
vandvirkni og  
samvinna er málið



Jón R. Sigmundsson

Starfsmaður FSR

## Utanríkisráðuneytið

Engin verkefni voru unnin hjá FSR fyrir utanríkisráðuneytið á árinu 2016.

## Velferðarráðuneytið

### Framkvæmdasjóður aldraðra

Framkvæmdasýsla ríkisins hefur frá árinu 2009 unnið með velferðarráðuneytinu við að yfirfara umsóknir um framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra og veita umsagnir um þær. Einnig hefur verið leitað til stofnunarinnar um gerð viðtökuúttekta á stærri og flóknari verkefnum og með að hafa tilsjón með stærri verkefnum eins og hjúkunarheimilum samkvæmt sérstökum samningi þar um.

Í lok árs 2015 ákvað heilbrigðisráðherra að veita framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra til hjúkunar- og dvalarheimilisins Kirkjuhvols í Rangárpíngi Eystra vegna byggingar 12 hjúkrunarrýma og sambyggðra þjónusturýma samkvæmt samningi þar um. Alls er um að ræða 1305 m<sup>2</sup> byggingu þar af 779 m<sup>2</sup> sem hjúkunarheimili og 526 m<sup>2</sup> þjónustubyggingu. Lauslega áætlaður heildarkostnaður bygginganna er 580 m.kr.

Framkvæmdir hófust í október 2016 og náðist að steypa upp undirstöður á árinu.

Á árinu 2015 ákvað heilbrigðisráðherra að veita framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra til hjúkunar- og dvalarheimilisins Fellaskjólís í Grundarfirði vegna byggingar 6 einstaklings hjúkrunarrýma við eldra heimili.

Starfsmaður FSR



Pétur Bolli Jóhannesson

Húsnæðisgreiningar-  
sérfræðingur  
Öguð vinnubrögð  
skila árangri

Húsnæðisöflunar-  
sérfræðingur  
Hagstæðir  
leigusamningar  
eru málið



Róbert Jónsson

Starfsmaður FSR

Um er að ræða 202 m<sup>2</sup> viðbyggingu og óverulegar breytingar á eldra húsi vegna tenginga. Hönnun lauk á árinu 2016 og eru framkvæmdir fyrirhugaðar í upphafi árs 2017.

### Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Stykkishólmi

Framkvæmdum við fyrsta (1b) áfanga lauk árið 2015 en átti að ljúka á árinu 2014. Þá var heildarverkefnið skilgreint að nýju þannig að kannaðir verði möguleikar á því að koma fyrir í St. Franciskusspítalanum í Stykkishólmi 18 hjúkrunarrýmum, 2–4 dagvistunarrýmum og 4 sjúkrarýmum sem uppfylltu eins og nokkur kostur er viðmið velferðarráðuneytisins frá júní 2014 án þess að heilsugæslunni sé breytt eða háls- og bakdeildinni verði raskað. Þessi hjúkrunarrými mundu leysa af hólmi núverandi hjúkunarheimili sem er óviðunandi. Um er að ræða um 1600 m<sup>2</sup> gólfliot miðað við 25 rými og 65 m<sup>2</sup> fyrir hvert rými.

Til þess að þetta væri mögulegt þurfti að endurskipuleggja húsið og framkvæmdin að vera í réttu framkvæmdaröð. Hönnunin var tekin til endurskoðunar og komið fram með áfangaskipta tillögu og verðmat fyrir hvern áfanga og fyrir verkið í heild en fjármagn til framkvæmda fékkst ekki á árinu. Verkefninu verður haldið áfram á næsta ári, 2017.

### Heilsugæslustöðin Reykjahlíð í Mývatnssveit – Heilbrigðisstofnun Norðurlands

Um er að ræða 240 m<sup>2</sup> byggingu með um 30 m<sup>2</sup> opnu bílskýli. Hönnuðir voru Arkaust arkitektar og EFLA verkfræðistofa. Tilboð voru opnuð 4. maí 2015. Samið var við Trésmiðjuna Rein ehf. Undirritun verksamnings og fyrsta skóflustunga fór fram 22. júlí 2015. Verkið fólst í að byggja nýja heilsugæslustöð fyrir Heilbrigðisstofnun Norðurlands í Reykjahlíð í Mývatnssveit. Í húsinu er einnig lyfsala. Framkvæmdum lauk í júlí 2016.

### Hjúkrunarheimili Árborg

Í desember 2016 var skipaður starfshópur sem samanstendur af fulltrúum ráðuneytisins, Sveitarfélagsins Árborgar og Framkvæmdasýslunnar.

Hjúkrunarheimilið á að vera fyrir 50 íbúa, ásamt sameiginlegum stoðrymum. Áætlaður kostnaður á stigi frumathugunar í júlí 2015 er um 1,4 milljarðar króna.

### Hjúkrunarheimili Boðapingi 11–13

Í desember 2016 var skipaður starfshópur sem samanstendur af fulltrúum ráðuneytisins, Kópavogsbæ og Framkvæmdasýslunnar. Hafist var handa við undirbúningsvinnu um byggingu 64 hjúkrunarrýma við Boðaping 11–13. Þeim verði komið fyrir í tveimur húsum með 32 rýmum í hverju. Hvert hús verði með 10 herbergja deild á jarðhæð og tveimur 11 rýma deildum á hæðunum fyrir ofan. Fyrir eru 40 hjúkrunarrými við Boðaping 5–7 sem tengjast þjónustumiðstöð við Boðaping 9. Nýju rýmin munu tengjast þjónustumiðstöðinni eins og þau sem fyrir eru.

### LSH Landakot

FSR hafði umsjón og eftirlit með útboði og verkfræmð á endurnýjun glugga, múrviðgerðum og endursteyningu á suður- og austurhlíð L-álmú Landakotsspítala. Verkefnið var hluti af sérstöku átaki Landspítalans í viðhaldi á húseignum spítalans. Rekstrarsvið Landspítalans hafði umsjón með gerð útboðsgagna. Útboð fór fram í marsmánuði og var samið við lægstbjóðanda, ÁS-smíði ehf. Framkvæmdir tókust vel í góðri samvinnu við starfsfólk spítalans en full starfsemi var á spítalanum á meðan framkvæmdir stóðu yfir. Verkinu lauk í nóvember 2016.

Starfsmaður FSR



Sigríður Oddný Marinósdóttir

Skrifstofustjóri  
Góð  
upplýsingagjöf  
er lykilatriði

Ofanflóða-  
sérfræðingur  
Jákvæðni  
léttir lífið



Sigurður Hafsteinn Steinarsson

Starfsmaður FSR

### Nýr Landspítali við Hringbraut

#### NLSH

Verkefnið Nýr Landspítali ohf., NLSH, er unnið samkvæmt lögum um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík, nr. 64/2010, og breytingum sem Alþingi samþykkti 28. mars 2013.

Verkkaupi er Nýr Landspítali ohf., NLSH, en FSR veitir ráðgjöf og umsjón samkvæmt samningi þar um.

Við hönnun og framkvæmd verkefna á vegum Nýs Landspítala við Hringbraut er unnið eftir aðferðafræði BIM (e. Building Information Modeling). Verkkaupi hyggst einnig fá byggingarnar vottaðar samkvæmt alþjóðlega umhverfisvottunarkerfinu BREEAM.<sup>1</sup>

#### NLSH sjúkrahótel og götur, veitur, lóð og tengingar

Hönnun sjúkrahótels hófst síðari hluta sumars 2014 að undangengnu lokuðu útboði sem haldið var á grundvelli forvals sem fram fór 2013. Forvalið var opið útboð og samkvæmt niðurstöðu þess var völdum aðilum gefinn kostur á að bjóða í fullnaðarhönnun.

Samið var við lægstbjóðanda, KOS (síðar KOAN), um fullnaðarhönnun sjúkrahótelsins sem lauk sumarið 2015.

Sjúkrahóтелиð er 75 herbergja og stendur norðan Kvennadeildar. Það er um 4.300 m<sup>2</sup> á fjórum hæðum ásamt kjallara og tengigöngum sem tengjast öðrum deildum spítalans.

Húsið verður prýtt með steinklæðningum, listaverki eftir Finnboaga Pétursson myndlistarmann, samkvæmt samkomulagi við Listskreytingasjóð. Hönnun KOAN hópsins nær til byggingarinnar en lóðarhönnun var unnin af ráðgjöfum SPITAL hópsins.

Við byggingu sjúkrahótels var aðkoma frá Barónsstíg

<sup>1</sup> BRE/BREEAM: Building Research Establishment, BRE, eru bresk samtök sem gefa út umhverfisvottunarkerfið BREEAM (BRE Environmental Assessment Method). Samtökin eru sambærileg Nýsköpunarmiðstöð Íslands.



færð norðar og tengingar byggðir milli hótelsins og annarra bygginga á lóðinni. Nýja aðkoman var tekin í notkun snemma hausts.

Verkleg framkvæmd sjúkrahótels og gatna, veitna og lóðar var boðin út haustið 2015 á Íslandi og EES-svæðinu. Samið var við lægstbjóðanda, LNS Sögu og LNS AS, og hófust framkvæmdir haustið 2015. Eftirlit verklegrar framkvæmdar var einnig auglýst haustið 2015. Samið var við lægstbjóðanda, Verkís hf.



NLSH sjúkrahótel.

Á árinu 2016 var unnið við uppsteypu sjúkrahótels og var hún langt komin í lok árs.

Gert er ráð fyrir að sjúkrahótelíð verði tekið í notkun síðla árs 2017, um tveimur árum eftir að fyrsta skóflustungan var tekin.

### NLSH meðferðarkjarni

Fullnaðarhönnun meðferðarkjarna var boðin út í opnu útboði í lok apríl 2015 á Íslandi og Evrópska efnahagssvæðinu. Samið var við lægstbjóðanda, Corpus 3, í september 2015.

Corpus 3 vann að rýni og endurskoðun forhönnunar

Starfsmaður FSR



Sigurður Hlökkversson

Ofanflóða-  
sérfræðingur  
Traust mannvirki  
veitir öryggi

Sérfræðingur  
um búnaðarmál  
Markviss  
vinnubrögð  
skipta máli



Sigurður M. Norðdahl

Starfsmaður FSR

meðferðarkjarna í samstarfi við NLSH og Landspítala (LSH). Markvisst var unnið með notendum samkvæmt aðferðafræði ferlahönnunar (e. lean design) undir stjórn LSH.

Stefnt er að því að hefja framkvæmdir um mitt ár 2018 og að byggingin verði tilbúin árið 2023. Meðferðarkjarninn verður á 6 hæðum auk tveggja kjallara, um 60 þúsund m<sup>2</sup> alls.

### NLSH rannsóknarhús

Fram fór opið forval, útboð nr. 20427, þar sem Nýr Landspítali ohf. óskaði eftir umsóknum um þátttökurétt í útboði á fullnaðarhönnun rannsóknarhúss sem verður hluti af nýjum Landspítala við Hringbraut í Reykjavík.

Opið forval var auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu (EES), en útboðið verður lokað öðrum en þeim bjóðendum sem tekið hafa þátt í forvalinu og uppfyllt allar kröfur þess.

Forvalið var auglýst í byrjun október, opnun umsókna um þátttöku var 13. desember. Fjórir umsækjendur sóttu um, Verkís hf., Corpus 3, Mannvit hf. og Grænaborg. Niðurstaða verður tilkynnt í byrjun árs 2017. Samkvæmt áætlun er stefnt að lokuðu útboði fullnaðarhönnunar innan 6 mánaða frá því niðurstöður forvals liggja fyrir.

Unnið var að rýni forhönnunar rannsóknarhúss á vegum NLSH og Landspítala (LSH). Markvisst var unnið með notendum samkvæmt aðferðafræði ferlahönnunar (e. lean design) undir stjórn LSH.

### Nýtt húsnæði fyrir hluta af Sjúkratryggingum Íslands

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) hyggjast flytja þann hluta af starfsemi sem er við Rauðarárstíg/Laugaveg að Vínlandsleið 6–8 og 14–16 og sameinast þeim hluta af starfsemi sem þar er fyrir.

Ástæðan fyrir þessum flutningum og breytingum á skipulagi núverandi húsnæðis er meðal annars að skapa möguleika á betri nýtingu húsnæðis og um leið að skapa aukið svigrúm fyrir fjölgun starfsmanna sem fyrirsjáanleg er í nánustu framtíð vegna aukinna verkefna. Þá felst augljóst hagræði í því að hafa stofnunina á einum stað.

Stærð núverandi húsnæðis Sí er alls 6.091 m<sup>2</sup> en verður eftir flutninginn alls 5.085 m<sup>2</sup>. Sparnaðurinn í húsnæði verður því 1.006 m<sup>2</sup>.

Um 8 ár eru eftir af leigutíma. Áformað er að lengja leigutímann þannig að hann verði alls 17 ár.

Unnið verður áfram við verkefnið á næsta ári og meðal annars verða unnar kostnaðargreiningar.

### Nýtt húsnæði fyrir nýja meðferðarstofnun Barnaverndarstofu

Velferðarráðuneytið hefur falið Barnaverndarstofu að hefja undirbúning að stofnun meðferðarheimilis á höfuðborgarsvæðinu. Í samráði við Barnaverndarstofu og ráðuneytið hefur verið tekin ákvörðun um að starfsemin skuli taka mið af þeirri tegund gagnreyndrar meðferðar og verklags sem þróað hefur verið á Norðurlöndum undir heitinu MultifunC og hefur Barnaverndarstofa fengið formlegt leyfi til að innleiða þær aðferðir á meðferðarstofnun með viðeigandi aðlögun að aðstæðum og þörfum hér á landi.

Unnin var frumathugun og í framhaldinu var ákveðið að auglýsa eftir 1.000 m<sup>2</sup> húsnæði fyrir nýtt sérhæft meðferðarheimili sem uppfylli þær þarfir sem fjallað eru um í húsrýmisáætlun og þarfa-greiningu. Auglýsingin bar ekki árangur og verða aðrar lausnir skoðaðar á næsta ári.

Starfsmaður FSR



Stefán Ólafsson

Sérfræðingur um  
fasteignaskráningu  
ríkisins  
Yfirsýn er  
nauðsynleg

Ofanflóða-  
sérfræðingur  
Polinmæði  
þrautir  
vinnur allar



Þorvaldur Stefán Jónsson

Starfsmaður FSR

### Nýtt húsnæði fyrir úrskurðarnefnd velferðarmála

Samkvæmt lögum nr. 85/2015, um úrskurðarnefnd velferðarmála, sem tóku gildi 1. janúar 2016 var ný stofnun sett á laggirnar, þ.e. úrskurðarnefnd velferðarmála. Verkefni hennar eru skilgreind í áðurnefndum lögum þar sem kveðið er á um að úrskurða skuli í kærumálum eftir því sem fyrir sé mælt í lögum sem kveða á um málskotsrétt til nefndarinnar.

Í október var auglýst eftir um 280 m<sup>2</sup> húsnæði fyrir stofnunina sem flytja varð úr Hafnarhúsinu vegna myglu þar. Nokkur tilboð bárust og valið var húsnæði að Katrínartúni 2, Reykjavík. Unnið er að smávægilegum breytingum á húsnæðinu og mun stofnunin flytja þangað snemma árs 2017.

### Nýtt húsnæði fyrir velferðarráðuneyti

Þar sem húsnæði velferðarráðuneytis í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu reyndist óhæft vegna myglu var auglýst eftir um 2250 m<sup>2</sup> húsnæði fyrir ráðuneytið í júlí 2016. Nokkur tilboð bárust en ekkert þeirra reyndist ásættanlegt eða uppfylla óskir ráðuneytisins.

Áformað er að velferðarráðuneytið flytji inn í Skúlagötu 4 þegar Hafrannsóknastofnun flytur þaðan út, sem áætlað er að geti orðið árið 2018. Þegar húsnæði í Skógarhlíð 6, þar sem sýslumaðurinn í Reykjavík hafði verið til húsa, losnaði síðla árs 2016 var tekin ákvörðun um að flytja velferðarráðuneytið þangað þar til húsnæðið í Skúlagötu yrði tilbúið. Ríkiseignir unnu að nokkrum breytingum og endurbótum á Skógarhlíðinni, en all þröngt er um ráðuneytið í húsinu og mikilvægt að ekki dragist að það verði flutt í endanlegt húsnæði.

### Nýtt húsnæði fyrir Vinnueftirlitið

Núverandi húsnæði Vinnueftirlitsins uppfyllir ekki kröfur um aðgengi, nauðsynlega aðstöðu í húsinu o.fl. og því var ákveðið að skoða aðrar lausnir.

Gerð var frumathugun fyrir stofnunina, þ.m.t. þarfagreining og húsrýmisáætlun, og var auglýst eftir 1.560 m<sup>2</sup> húsnæði. Alls bárust 14 tilboð og var samþykkt í ágúst að ganga til samninga við Regin ehf. um leigu á húsnæði við Dverghöfða 2. Skrið var undir húsaleigusamning í desember.

Síðan hefur verið unnið að breytingum á húsnæðinu fyrir starfsemi stofnunarinnar en gert er ráð fyrir að flutt verði inn í húsið á fyrri hluta árs 2017.

### Tilsjón með hjúkrunarheimilum

Á árinu 2016 héldu áfram framkvæmdir við uppbyggingu hjúkrunarheimila í svonefndri leiguleið sem hófust 2015 og eru á vegum velferðarráðuneytisins og sveitarfélaganna.

Sveitarfélögin annast undirbúning og framkvæmd í samráði við Framkvæmdasýsluna. Hjúkrunarheimilin eru í eigu sveitarfélaganna en ríkið tekur heimilin á leigu og greiðir framkvæmdakostnaðinn til baka á 40 árum. FSR hefur tilsjón með framkvæmdum sem felst í að fylgjast með framgangi framkvæmda, gera verklokaúttektir og veita ráðuneytinu upplýsingar um gang mála ásamt því að gefa út viðtökuvottorð.

Á Eyri á Torfnesi á Ísafirði lauk framkvæmdum við hjúkrunarheimilið þar með 30 íbúðarherbergjum í þremur 10 herbergja klösum sem er staðsett fyrir sunnan sjúkrahúsið með útsýni yfir fjörðinn. Heildarstærð hjúkrunarheimilisins er 2328 m<sup>2</sup> en samkvæmt viðmiðum velferðarráðuneytis getur aðeins 1.950 m<sup>2</sup> talist til hjúkrunarheimilis og 378 m<sup>2</sup> verða því að teljast til þjónustumiðstöðvar. Húsið var tekið í notkun í upphafi árs.

Sérfræðingur um  
vistvænar áherslur  
og BIM  
Sjálfbærni  
er sjálfsagt mál



Örn Erlendsson

Starfsmaður FSR

Á Seltjarnarnesi og í Hafnarfirði var lokið við hönnun hjúkrunarheimila 2015 og eru framkvæmdir við heimilið á Seltjarnarnesi hafnar og áætlað að ljúka þeim 2017. Heildarbyggingin verður á lóð við Safnatröð á Seltjarnarnesi og er aðkomutorg til austurs. Hjúkrunarheimilið samanstendur af fjórum heimilum fyrir 40 hjúkrunarrými, alls 2600 m<sup>2</sup> og með 786 m<sup>2</sup> sem verða að teljast til þjónustumiðstöðvar og þar af eru um 340 m<sup>2</sup> sem þjónustusel. Tilboð í framkvæmdina voru opnuð í ágúst 2016 og eru framkvæmdir hafnar.

Í Hafnarfirði var hætt við framkvæmdir á þeirri lóð sem heimilið hafði verið en þess í stað var hjúkrunarheimili aðlagð að Sólvangi samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar. Byggingin er á fimm hæðum, 1. hæð/kjallari inniheldur rými fyrir sjúkrapjálfun, skrifstofur og stoðrymi ásamt geymslum og tæknirýmum. Heimilin eru á annarri til fjórðu hæð en fimmta hæð er einungis lóðrétt/lárétt tenging við tengigang sem tengjast á fjórðu hæð núverandi hjúkrunarheimilis. Alls verður hjúkrunarhlutinn 3.900 m<sup>2</sup> en heildarstærð heimilis (hússins) verður 4.250 m<sup>2</sup> með tengigangi. Lóðarstærð er 8.417 m<sup>2</sup>.

Starfsmaður FSR



Örn Baldursson

Gæðastjóri  
Gæðastjórnun  
er gráupplögð



## Fasteignir í ríkiseigu

Ríkissjóður er stærsti einstaki fasteignaeigandi í landinu. Samkvæmt 20. gr. laga um opinberar framkvæmdir heldur Framkvæmdasýslan utan um skráningu fasteigna í eigu ríkissjóðs. Til að tryggja að opinber skráning fasteigna í ríkiseigu sé sem réttust er fylgst með þinglýstum réttindum og færslu eigna í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands. Þegar misræmis verður vart eru færslur leiðréttar í samráði við fjármála- og efnahagsráðuneytið, annaðhvort með þinglýsingu eða sambandi við sveitarfélög og/eða fasteignaskrá. Framkvæmdasýslan veitir þjónustu og upplýsingar til ráðuneyta, ríkisstofnana, sveitarfélaga og annarra aðila sem vinna við stjórn fasteignaumsýslu.

Upphaflega var haldið utan um eignaskrá ríkisins í fjármálaráðuneytinu eða fram til 1995. Verkefnið var síðan tekið upp að nýju 2005 og vistað í Fasteignum ríkissjóðs en fært til Framkvæmdasýslunnar árið 2014.

Frá því stofnunin tók við verkefninu hefur skráning ríkiseigna batnað mikið og upplýsingar um rekstraraðila þeirra orðið aðgengilegri. Sem dæmi hafa, frá miðju ári 2014, verið stofnuð um 320 mál til leiðréttingar á skráningu fasteigna í eigu ríkissjóðs. Með nýjum lögum um opinber fjármál munu fasteignir verða færðar í efnahagsreikning ríkissjóðs og gegnir upplýsingagjöf Framkvæmdasýslunnar lykilhlutverki í því sambandi.

Hér að neðan eru samanteknar helstu niðurstöðutölur úr eignaskrá ríkisins sem gefur góða mynd af stöðunni í lok árs 2016. Gögnin eru sótt beint í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands. Gerðar eru ýmsar athugasemdir og settir fyrirvarar um þessa birtingu en nánari upplýsingar um það er að finna á vef Framkvæmdasýslunnar, [www.fsr.is](http://www.fsr.is).


### Stutt samantekt um fasteignir í ríkiseigu

Fasteignir m.v. eignarhluta ( fjárhæðir í þús.)

Tegund eigna	Fjöldi	Flatarmál	Fasteignamat	Brunabótamat	Endurstofnverð	Afskrifað endurstofnverð
Hús og mannvirki	997	909.683	138.680.899	235.153.823	254.914.657	202.168.126
Jarðir og eyðibýli	452		5.364.995	11.608.572	13.417.846	9.764.476
Landréttindi	538		9.708.835			
Hlunnindi og ræktun	92		209.179	258.334	301.960	208.434
<b>Samtals</b>	<b>2.079</b>		<b>153.963.907</b>	<b>247.020.729</b>	<b>268.634.463</b>	<b>212.141.036</b>

Fasteignir – heildarstærðir (fjárhæðir í þús.)

Tegund eigna	Fjöldi	Flatarmál	Fasteignamat	Brunabótamat	Endurstofnverð	Afskrifað endurstofnverð
Hús og mannvirki	997	988.857	149.828.947	257.827.621	278.948.361	221.593.393
Jarðir og eyðibýli	452		5.386.775	11.613.145	13.423.883	9.767.323
Landréttindi	538		9.783.446			
Hlunnindi og ræktun	92		244.007	292.384	337.367	239.359
<b>Samtals</b>	<b>2.079</b>		<b>165.243.175</b>	<b>269.733.150</b>	<b>292.709.611</b>	<b>231.600.075</b>



---

## Þróunar- og samstarfsverkefni

---

Framkvæmdasýslan tekur þátt í ýmsu formlegu samstarfi við innlendar stofnanir og hagsmunasamtök sem og við erlendar stofnanir.

Þátttaka í samstarfi innanlands er talsverð þar sem FSR er í samráði við ríkisstofnanir, sveitarfélög og ýmis hagsmunasamtök sem starfa á skyldum vettvangi.

### BIM Ísland

BIM Ísland eru samtök opinberra verkkaupa sem hafa þann tilgang að styðja við innleiðingu BIM á Íslandi. FSR hefur haldið utan um BIM Ísland frá árinu 2011 og heldur utan um vefsíðu BIM Ísland, [www.bim.is](http://www.bim.is), og BIM Ísland á samskiptamiðlum.

Helstu verkefni BIM Ísland eru að styðja opinbera verkkaupa í innleiðingu BIM við undirbúning, hönnun, byggingu og rekstur opinberra mannvirkja á Íslandi. Í gegnum vefsíðuna og samskiptamiðla er lögð áhersla á að deila upplýsingum, sniðmátum, kennsluefni og öðru áhugasömu BIM tengdu efni.

### BIM, upplýsingalíkon mannvirkja

Upplýsingalíkon mannvirkja eða BIM (e. Building Information Modelling) er aðferðafræði sem FSR hefur staðið fyrir að innleiða síðan árið 2008.

FSR er þátttakandi í samstarfi systurstofnana á Norðurlöndum (NKS) í innleiðingu á BIM. FSR tekur einnig þátt í EU BIM Task Group en þar vinnur Evrópusambandið, ásamt Noregi og Íslandi, að innleiðingu á BIM í opinberum framkvæmdum. Verkefnið er styrkt af Evrópusambandinu.

Þá hefur FSR unnið að innleiðingu á BIM í verkefnum sem stofnunin hefur umsjón með heima fyrir. Hönnuðum og verktökum er með aðstoð sérfræðinga FSR gert kleift að nota aðferðafræðina við úrlausn verkefna.

BIM aðferðafræðin var notuð í eftirtöldum verkefnum á árinu 2016:

- Fangelsið á Hólmsheiði
- Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur
- Menntaskólann við Sund
- Stækkun verknámsaðstöðu við Fjölbautaskóla Suðurlands
- Hakið – Þingvöllum
- NLSH – Sjúkrahótel
- NLSH – Meðferðarkjarni
- Hakið – Gestastofu á Þingvöllum
- Gestastofu Kirkjubæjarklaustri

Til að styðja byggingariðnaðinn í innleiðingu á BIM hefur FSR haldið námskeið í Endurmenntun Háskóla Íslands. Auk þess hefur FSR staðið fyrir opnum fundum þar sem aðferðafræði BIM hefur verið kynnt.

### Byggingarstaðlaráð

Staðlaráð Íslands er vettvangur hagsmunaaðila til að vinna að stöðlun og notkun staðla á Íslandi og starfar ráðið á grundvelli laga um stöðlun. Byggingarstaðlaráð (BSTR) starfar sem fagstaðlaráð í umboði stjórnar Staðlaráðs Íslands.

FSR hefur lengi átt fulltrúa í byggingarstaðlaráði og á árinu 2016 áttu þar sæti Halldóra Vífilsdóttir forstjóri og Guðbjartur Á. Ólafsson verkefnastjóri.

Staðlaráð Íslands leitaði til FSR og óskaði eftir fulltrúa til þess að koma að endurskoðun ÍST 35 – „Samningagerðar um ráðgjafavinnu á byggingasviði.“ Örn Baldursson tók þátt í þessu verkefni f.h. FSR. Haldnir voru 24 fundir á árinu og er stefnt að því að um mitt ár 2017 verði endurskoðuð útgáfa staðalsins tilbúin til útgáfu.



## Dokkan

Dokkan er þekkingarfyrirtæki sem hefur staðið fyrir fjölda áhugaverðra fræðslufunda í samstarfi við fyrirtæki. Fundirnir eru á sviði stjórnunar og rekstrar um hagnýta og fræðilega þekkingu með prófaðar lausnir, hagkvæmni og nýsköpun á hverju málefnasviði. Starfsmenn FSR hafa aðgang að atburðum Dokkunnar.

## Framkvæmdafræði við Háskóla Íslands

Háskóli Íslands hefur haldið námskeiðið Framkvæmdafræði 1. Um er að ræða námskeið Verkfræði- og náttúruvísindasviðs sem tilskilinn hluti á þriðja ári BS náms í Umhverfis- og byggingaverkfræði. Á námskeiðinu er nemendum veitt þjálfun og færni til að beita undirstöðuatriðum í verkefnisstjórn og framkvæmdafræði í byggingariðnaði.

Tveir starfsmenn FSR miðluðu þekkingu sinni sem kennarar á þessum námskeiðum, þau Halldóra Vífilsdóttir og Örn Baldursson.

## Jarðtæknifélag Íslands

Jarðtæknifélagið var stofnað 1978 og er viðurkenndur aðili að alþjóðasamtökum í mannvirkjajarðfræði og jarð- og bergtækni. Framkvæmdasýsla ríkisins er stuðningsaðili félagsins ásamt öðrum fyrirtækjum og stofnunum.

## NKS – Norrænt samstarf um ríkisbyggingar

Norrænt samstarf um ríkisbyggingar/ Nordisk Kontakt om Statsbygninger (NKS) er samstarfsvettvangur FSR við systurstofnanirnar á Norðurlöndum.

NKS fundur var haldinn í Helsinki 1.–2. júní 2016. Um var að ræða forstjórafund sem haldinn er annað hvert ár og tók forstjóri FSR, Halldóra Vífilsdóttir, þátt í fundinum.

FSR var þátttakandi í „NKS workshop on Customer Experience“.

Pétur Bolli Jóhannesson verkefnastjóri var fulltrúi FSR og tók þátt í vinnustofu um tengsl/samspil FSR og viðskiptavina sem fram fór í Helsinki dagana 11.–13. maí 2016.

Þar var meðal annars farið yfir viðskiptalíkanið The Business Model Canvas og The Value Proposition Canvas sem er tæki til að skilgreina viðskiptalíkon og virðisaukandi þjónustu við viðskiptavini.

FSR tók einnig þátt í vinnufundi um sjálfbærni í Osló dagana 7.–9. nóvember 2016 á vegum vinnuhóps innan NKS sem ber heitið „Working Group on Sustainability“. Örn Erlendsson, verkefnastjóri umhverfismála, fór fyrir hönd FSR og tók þátt í vinnufundinum. Markmið fundarins var að skiptast á upplýsingum og skilgreina lykiláherslur stofnana innan NKS um vistvæna þróun. Áherslur voru skilgreindar innan efnahags-, umhverfis- og samfélagslegrar sjálfbærni.



## Samtök iðnaðarins

Útboðsþing Samtaka iðnaðarins var haldið 26. febrúar 2016 á Grand Hótel Reykjavík. Halldóra Vífilsdóttir, forstjóri FSR, hélt þar erindi um verkframkvæmdir á vegum FSR og Ríkiseigna 2016.



## Steinsteypufélag Íslands

FSR hefur verið í samstarfi við Steinsteypufélag Íslands. Steinsteypu-dagurinn er haldinn árlega og er jafnan fjölsóttur. Var hann haldinn 19. febrúar 2016 á Grand Hótel Reykjavík. Boðið var upp á þetta og góða dagskrá með öflugum fyrirlesurum.

Steinsteypuverðlaunin voru veitt í fimmta sinn og hlaut Snæfellsstofa, gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs að Skriðuklaustri, verðlaunin. FSR fór með umsjón þess verkefnis f.h. verkkaupa umhverfis- og auðlindaráðuneytis og Vatnajökulsþjóðgarðs. Um hönnun sáu ARKÍS arkitektar, EFLA og Verkís hf., framkvæmd var í höndum VHE vélsmiðju og steypan

kom frá Steypustöðinni á Egilsstöðum. Viðurkenningin er veitt mannvirkinu og öllum þeim sem komu að hönnun og byggingu.



### TWN – Vinnuaðstöðusamtök

FSR er aðili að TWN (The Workplace Network) sem eru alþjóðleg samtök systurstofnana Framkvæmdasýslu ríkisins og Ríkiseigna þar sem viðfangsefnið er að skiptast á skoðunum um fasteignamál hjá hinu opinbera og allt sem snýr að vinnuaðstöðu. Halldóra Vífilsdóttir og Örn Baldursson sóttu árlegan fund samtakanna sem var haldinn í Osló í lok september 2016 en hann var að þessu sinni haldinn í samvinnu við samtökin PURE-NET (Public Real Estate Network) sem eru evrópsk samtök stofnana og ráðuneyta sem eru ábyrg fyrir mannvirkjagerð hins opinbera. Áherslumál fundarins voru:

- Vinnuumhverfi
- BIM (Building Information Model; upplýsingalíkon í mannvirkjagerð)
- Öryggismál



### Vistbyggðarráð

FSR er aðili að Vistbyggðarráði (VBR) sem er vettvangur á sviði vistvænnar þróunar við skipulag, hönnun, byggingu, rekstur og viðhald mannvirkja. Starfsmaður FSR situr í stjórn VBR. Hlutverk Vistbyggðarráðs er meðal annars að standa fyrir opnum fundum, námskeiðum, ráðstefnum og málþingum um málefni sem tengjast vistvænni byggð, skipulagi og þróun.

Helstu viðburðir árið 2016 voru námskeiðin Vistvæn hugsun og umhverfivottun bygginga og Umhverfisvænt skipulag, málþing um vistvottun skipulags Urriðaholts í Garðabæ og málstofurnar «Metrar á mann» á *Fundi fólksins* í ágúst og *Visthús á Íslandi, af hverju og hvernig?* í nóvember.

## Rekstur og starfsfólk

### Rekstrarafkoma

Tekjur ársins námu rúmri 331 m.kr. sem er 4% hærra en gert var ráð fyrir í rekstraráætlun. Gjöld ársins námu rúmum 310 m.kr. og voru því um 2% undir áætluðum gjöldum.

Tekjur hækkuðu frá fyrra ári um 29 m.kr. eða um tæp 10%. Gjöld hækkuðu um 10 m.kr. eða rúm 3%. Afkoma stofnunarinnar varð betri en áætlun gerði ráð fyrir og nam rekstrarafgangur ársins 21 m.kr.

Launagjöld eru stærsti útgjaldaliður í rekstri stofnunarinnar. Á árinu 2016 námu þau tæpum 236 m.kr. eða tæpum 76% af heildargjöldum. Launagjöld hækkuðu milli ára um sem nemur 3,4%. Launaliður var rúmum 16,5 m.kr. eða 6,5% undir áætlun ársins. Helstu ástæður eru að áform stofnunarinnar um ráðningar gengu ekki eftir.

Í heildina námu önnur gjöld stofnunarinnar tæpum 75 m.kr. og hækkuðu frá fyrra ári um 2 m.kr. eða 3%.

Á árinu lækkaði afskriftasjóður um 2,5 m.kr. og stendur í lok ársins í 14 m.kr. Að baki þeirri fjárhæð standa þrjár kröfur. Gefinn var afsláttur af vinnu vegna Náttúrufræðistofnunar að fjárhæð 1,5 m.kr.


Í árslok nam eigið fé Framkvæmdasýslunnar 23,7 m.kr.

### Verkbókhald FSR

Stærstur hluti þeirra verka sem Framkvæmdasýsla ríkisins hefur umsjón með er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá stofnuninni. Lög um skipan opinberra framkvæmda kveða enda á um að svo skuli vera til að stuðla að aukinni hagkvæmni í opinberum framkvæmdum. Með því er verkefnastjórum gert kleift að hafa ávallt nýjustu upplýsingar um fjárhagsstöðu verkanna og auðveldar það kostnaðargát á verkum.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi mynd dróst velta FSR vegna verkefna saman um 14% á milli árána 2015 og 2016.

### Velta FSR árin 2007-2016 (m.kr.)



### Gæðastjórnunarkerfi

Gæðastjórnunarkerfi FSR var vottað 30. október 2012 í samræmi við kröfur í alþjóðlega stjórnunarstaðlinum ÍST ISO 9001:2008, Gæðastjórnunarkerfi – kröfur.

Viðhaldsvottun Vottunar hf. fóru fram í apríl og október. Engin frávik voru skráð í viðhaldsúttektir Vottunar hf. á árinu.

**Innri úttektir** fóru fram á vormánuðum og kláruðust í sumarlok. Verklagsreglur sem tengjast kjarnastarfsemi FSR – frumathugun, öflun húsnæðis, áætlunargerð, verklegum framkvæmdum og skilamati eru teknar út árlega.

### Starfsmannamál

Í lok ársins 2016 störfuðu 19 starfsmenn í 18,8 stöðugildum hjá FSR, auk ræstítækis.

Starfsemi stofnunarinnar kallar á nokkuð hátt menntunarstig og er meirihluti starfsmanna háskóla-menntaður.

Konur voru um áramót 32% af mannafla FSR. Það er markmið jafnréttisáætlunar FSR að tryggja að



starfsmenn hafi jöfn tækifæri óháð kynferði og að stuðla að jafnri stöðu karla og kvenna innan stofnunarinnar.

Á árinu voru gerðar skipulagsbreytingar. Stoðþjónusta er nú undir rekstrarsviði sem fjármálastjóri leiðir. Breytingarnar voru gerðar til þess að skilgreina betur ábyrgð og verksvið.

Nokkar breytingar urðu á mannhaldi stofnunarinnar á árinu. Þannig hættu fjórir verkefnastjórar. Þetta eru Jón Richard Sigmundsson og Þorvaldur Stefán Jónsson sem létu af störfum um mitt ár og þau Ingibjörg Birna Kjartansdóttir og Ívar Már Markússon sem hættu um áramót. Þá lét bókari stofnunarinnar, Guðrún Valgerður Árnadóttir, af störfum. Ingibjörg Guðveig Ólafsdóttir var ráðin í starf móttökuritarar.

### Leiðarsljós FSR – áreiðanleiki, fagmennska, árangur

Á starfsmannafundi stofnunarinnar sem haldinn var 13. október 2016 völdu starfsmenn Framkvæmdasýslunnar sér ný leiðarsljós til að vinna eftir, áreiðanleiki, fagmennska, árangur.

Áreiðanleiki í upplýsingagjöf og afgreiðslu mála er grundvallaratriði því viðskiptavinir stofnunarinnar eiga að geta treyst því sem frá henni kemur.

Fagmennska er lykilatriði í allri vinnu innan stofnunarinnar eða á hennar vegum og leggja stjórnendur áherslu á að stofnunin sé þekkt fyrir fagmennsku. Árangur verkefna skiptir svo meginmáli.

### Fræðsluáætlun starfsmanna FSR

FSR leggur áherslu á viðhalda hæfni starfsmanna og er endurmenntun og þjálfun því fastur liður í starfsemi.

Fræðsluáætlun er gerð fyrir hvern starfsmann og eru framlög til símenntunar vel nýtt.

### Starfsmannafélagið Auðvitað

Starfsmannafélagið Auðvitað starfaði sem áður af fullum krafti. Stjórn Auðvitað skipuðu Sigríður Oddný Marinósdóttir, formaður, Örn Erlendsson gjaldkeri og Pétur Bolli Jóhannesson ritari.

Skoðunarmenn voru Stefán Ólafsson og Örn Baldursson. Auðvitað stóð fyrir fjölda viðburða á starfsárinu. Helst ber þar að nefna skoðunarferðir á framkvæmdarstaði sem FSR hefur verið með umsjón og eftirlit með. Þá var haldið golfmót, keilumót, árshátíð og farið í óvissuferð. Auk þess var hið árlega jólahlaðborð og jólavinaleikur á sínum stað.

Efnt var til hönnunarsamkeppni innanhúss um nýtt myndmerki (e. logo) fyrir félagið. Alls bárust sex tillögur og varð eftirfarandi merki fyrir valinu:



Myndmerkið verður framvegis notað í ársskýrslur, ársreikninga og fundargerðir félagsins.



Á leið í flúðasiglingu niður Hvítá í óvissuferð Auðvitað 27. ágúst 2016.



# Ársreikningur 2016

Ársreikningur þessi sem hefur að geyma rekstrarreikning ársins, efnahagsreikning í árslok og sjóðstreymi ásamt sundurliðunum hefur verið saminn eftir bókhaldi stofnunarinnar.

Lykilstærðir ársreikningsins eru:

	2016	2015	Fjárheimild
<b>Rekstrarreikningur</b>			
Tekjur samtals.....	331.498.801	302.520.448	294.200.000
Gjöld samtals.....	310.490.936	300.513.526	294.200.000
Framlag úr ríkissjóði .....	0	0	0
Hagnaður/tap ársins .....	21.007.865	2.006.922	0
<b>Efnahagsreikningur</b>			
Eignir samtals .....	611.399.239	1.741.866.288	
Skuldir samtals .....	587.707.907	1.739.182.821	
Höfuðstóll í árslok.....	23.691.332	2.683.467	
Greiðslustaða við ríkissjóð.....	-21.478.979	-46.738.009	

Forstöðumaður og aðalbókari staðfesta ársreikning stofnunar fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

22.04.2017



Forstöðumaður



Aðalbókari



## Rekstrarreikningur

	Reikningur 2016	Reikningur 2015	Fjárheimild 2016
<b>Tekjur</b>			
Sértekjur .....	331.498.801	302.520.448	294.200.000
Markaðar tekjur.....	0	0	0
Aðrar rekstrartekjur.....	0	0	0
<b>Tekjur samtals</b>	<b>331.498.801</b>	<b>302.520.448</b>	<b>294.200.000</b>
<b>Gjöld</b>			
<b>Almennur rekstur</b> .....	<b>310.490.936</b>	<b>300.513.526</b>	<b>294.200.000</b>
101 Framkvæmdasýsla ríkisins .....	310.490.936	300.513.526	294.200.000
<b>Gjöld samtals</b>	<b>310.490.936</b>	<b>300.513.526</b>	<b>294.200.000</b>
<b>Tekjur umfram gjöld</b> .....	<b>21.007.865</b>	<b>2.006.922</b>	<b>0</b>
Framlag úr ríkissjóði .....	0	0	0
<b>Hagnaður/tap ársins</b> .....	<b>21.007.865</b>	<b>2.006.922</b>	<b>0</b>

## Efnahagsreikningur

	Reikningur 31.12.2016	Reikningur 31.12.2015
<b>Eignir</b>		
<b>Fastafjármunir</b>		
Áhættufjármunir .....	0	0
Langtímakröfur .....	0	0
Fastafjármunir samtals .....	0	0
<b>Veltufjármunir .....</b>		
Vörubirgðir .....	0	0
Inneign hjá ríkissjóði .....	0	0
Skammtímalán.....	0	0
Skammtímakröfur aðrar .....	303.418.107	548.152.221
Handbært fé.....	307.981.132	1.193.714.067
<b>Veltufjármunir samtals .....</b>	<b>611.399.239</b>	<b>1.741.866.288</b>
<b>Eignir samtals .....</b>	<b>611.399.239</b>	<b>1.741.866.288</b>
<b>Skuldir og eigið fé .....</b>		
<b>Eigið fé.....</b>		
<b>Höfuðstóll</b>		
Staða í ársbyrjun .....	2.683.467	676.545
Breyting v/lokafjálaga .....	0	0
Hagnaður/tap ársins .....	21.007.865	2.006.922
<b>Höfuðstóll í árslok .....</b>	<b>23.691.332</b>	<b>2.683.467</b>
<b>Annað eigið fé</b>		
Bundið eigið fé.....	0	0
Framlag til eignamyndunar .....	0	0
<b>Annað eigið fé samtals .....</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Eigið fé í árslok.....</b>	<b>23.691.332</b>	<b>2.683.467</b>
<b>Langtímaskuldir.....</b>		
Tekin löng lán.....	0	0
<b>Langtímaskuldir samtals .....</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Yfirdráttur á bankareikningum .....	0	0
Skuld við ríkissjóð.....	21.478.979	46.738.009
Skammtímalántökur.....	0	0
Aðrar skammtímaskuldir.....	566.228.928	1.692.444.812
<b>Skammtímaskuldir samtals .....</b>	<b>587.707.907</b>	<b>1.739.182.821</b>
<b>Skuldir samtals .....</b>	<b>587.707.907</b>	<b>1.739.182.821</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals.....</b>	<b>611.399.239</b>	<b>1.741.866.288</b>

## Sjóðstreymi

	Reikningur 2016	Reikningur 2015
<b>Hagnaður/tap ársins</b> .....	21.007.865	2.006.922
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda		
Breyting skammtímakrafna og birgða.....	244.734.114	-321.042.249
Breyting skammtímaskulda .....	-1.126.215.884	225.795.116
<b>Handbært fé frá rekstri</b> .....	-860.473.905	-93.240.211
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>		
Veitt lán.....	0	0
Afborganir veittra lána .....	0	0
Endurmat veittra lána .....	0	0
Breyting á áhættufjármunum .....	0	0
<b>Fjárfestingahreyfingar samtals</b> .....	0	0
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		
Framlag ríkissjóðs .....	0	0
Tekjur innheimtar af ríkissjóði .....	0	0
Greitt úr ríkissjóði.....	-25.259.030	7.504.314
Markaðar tekjur, skil á innheimtu ríkissjóðs .....	0	0
Tekin lán .....	0	0
Afborganir tekinna lána.....	0	0
Endurmat tekinna lána.....	0	0
<b>Fjármögnunarhreyfingar samtals</b> .....	-25.259.030	7.504.314
<b>Breyting á handbæru fé</b> .....	-885.732.935	-85.735.897
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....	1.193.714.067	1.279.449.964
<b>Handbært fé, hreyfingar</b> .....	-885.732.935	-85.735.897
<b>Handbært fé í árslok</b> .....	307.981.132	1.193.714.067



# Vígsla mannvirkja

Framkvæmdasýslan tók upp þá nýjung árið 2016 að gefa út einblöðung við vígslu mannvirkis, svokallað upplýsingablað mannvirkis. Það ár voru tvö meðfylgjandi upplýsingablað gefin út. Annað við vígslu fangelsisins á Hólmsheiði, Nesjavallaleið 9, og hitt við vígslu Heilsugæslustöðvarinnar í Mývatnssveit.

Framkvæmdasýsla ríkisins 2016



## Fangelsi á Hólmsheiði, Nesjavallaleið 9

Fangelsi á Hólmsheiði er gæsluvarðhalds- og móttökufangelsi með deild fyrir kvenfanga og aðstöðu fyrir afplánun skemmti fangelsisrefsinga og vararefsinga. 56 fangaklefar eru í fangelsinu en aðrar einingar fangelsisins eru aðkoma, varðstofur, heimsóknaraðstaða, vinnu- og fristundaðstaða og stjórnunar- og starfsmannaaðstaða.

<b>Verkkaupi:</b>	Innanríkisráðuneytið	
<b>Notandi:</b>	Fangelsismálastofnun	
<b>Umsjón og eftirlit:</b>	Framkvæmdasýsla ríkisins, FSR Óm Baldursson verkefnastjóri Hreinn Sigurðsson verkefnastjóri	
<b>Stýrihöpur:</b>	Steinunn V. Óskarsdóttir formaður, sérfræðingur innanríkisráðuneyti Páll E. Winkel forstjóri Fangelsismálastofnunar Óskar Valdimarsson forstjóri FSR til október 2014 Halldóra Víflisdóttir forstjóri FSR frá nóvember 2014 Stefán P. Eggertsson verkfræðingur	
<b>Ráðgjafi á undirbúningsstigi:</b>	Stefán P. Eggertsson verkfræðingur	
<b>Hönnun:</b>	Arkis arkitektar ehf Verkis hf Mannvít hf Lota ehf (áður VSI)	Bygging og lóð Rafkerfi og öryggishönnun Búðarþol, lagningar og hljóðhönnun Brunahönnun
<b>Listskreyting:</b>	Berghall ehf	Anna Hallin og Olga Bergmann
<b>Verktakar:</b>	Ístak hf ÍAV hf Öryggismiðstöð Íslands hf	Jarðvinna og heimlagningar Hús og lóð Öryggis- og samskiptakerfi
<b>Stærðir:</b>	Hús: Lóð: Bilastæði:	3.595 m <sup>2</sup> / 14.516 m <sup>2</sup> 37.400 m <sup>2</sup> 44 stk.
<b>Kostnaður:</b>	Um 2,7 milljarðar kr.	
<b>Skóflustunga:</b>	4. apríl 2013	
<b>Verktími:</b>	Júní 2013 - júní 2016	
<b>Umhverfisvottun:</b>	Fangelsið á Hólmsheiði verður með umhverfisvottun skv. breska vottunarkerfinu BREEAM í flokknum „Very good“.	

Orðatiltekið "að fara á niuna" spratt upphaflega út frá því að Hegningarhúsið við Skólavörðustíg er númer 9. Magnús Sædal Svavarsson f.v. byggingarfulltrúi í Reykjavík lagði til að lóðin við Nesjavallaleið fengi númerið níu til þess að viðhalda hefðinni.

Markmið verkkaupa með verkefninu að bæta skilyrði til afplánunar fangelsisrefsinga. Fangelsið á Hólmsheiði leysir af hólmi Hegningarhúsið við Skólavörðustíg 9, sem starfrækt hefur verið í rúm 140 ár, og kvennafangelsið að Kópavogsbraut 17 í Kópavogi, en hvorugt þeirra uppfyllir nútímakröfur um fangavist. Einnig verður gæsluvarðhaldsdeild í Fangelsinu á Litla-Hrauni lögð niður og aðstaða hennar tekin fyrir afplánun.

Fangelsið markar tímamót í sögu fangelsismála á Íslandi en það er fyrsta fangelsið sem er hannað og byggt sem slíkt síðan Hegningarhúsið við Skólavörðustíg 9 var tekið í notkun árið 1874. Fangelsið á Litla-Hrauni var upphaflega byggt sem Sjúkrahús Suðurlands, en Landsstjórnin keypti bygginguna 1929 og breytti því í fangelsi.



Framkvæmdasýsla ríkisins 2016



Lýðmynd: Sigrún Hróbjörnsdóttir


## Heilsugæslustöðin Reykjahlíð Hlíðarvegur 8, Mývatnssveit

Heilsugæslan Reykjahlíð þjónar grunnheilsugæslu í um 400 manna byggðarlaga allan ársins hring. Heilsugæslan þjónar einnig þeim fjölmörgu ferðamönnum sem heimsækja svæðið. Í húsnæði heilsugæslustöðvarinnar er aðstaða fyrir hjúkrunarfræðing, ljósmóður, sálfræðing, iðjubjálfa, lækni, sjúkraliða, ritara og sjúkrajálfara. Lyfjaafgreiðsla eða apótek er í húsnæðinu. Heilsugæslustöðin er hluti af Heilbrigðisstofnun Norðurlands, HSN.

<b>Verkkaupi:</b>	Velferðarráðuneytið	
<b>Notandi:</b>	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	
<b>Umsjón og eftirlit:</b>	Framkvæmdasýsla ríkisins, FSR	
	Gísliína Guðmundsdóttir verkefnastjóri áætlunargerðar	
	Sigrúnur Hlökkversson verkefnastjóri verklegrar framkvæmdar	
<b>Aðstoð við eftirlit:</b>	Bragi Sigurðsson, Efla verkfræðistofa	
<b>Verkefnahópur:</b>	Sveinn Magnússon skrifstofustjóri velferðarráðuneytinu	
	Jón Helgi Björnsson forstjóri Heilbrigðisstofnunar Norðurlands, HSN	
	Dagbjört Bjarnadóttir hjúkrunarfræðingur HSN	
	Fulltrúar FSR	
<b>Hönnun:</b>	Arkaust sf - Björn Kristleifsson arkitekt	Bygging og lóð
	Efla verkfræðistofa	Jarðvinna
		Burðarþol
		Lagnir
		Rafagnir
<b>Verktakar:</b>	Trésmíðjan Rein	
<b>Stærðir:</b>	Hús:	237,1 m <sup>2</sup>
	Lóð:	1.020 m <sup>2</sup>
	Bílastæði:	7 stk.
<b>Kostnaður:</b>	115,6 m.kr.	
<b>Skóflustunga:</b>	16. september 2015	
<b>Verktími:</b>	September 2015 - júlí 2016	

Nýtt húsnæði heilsugæslunnar er bylting í aðstöðu heilbrigðisstarfsfólks og íbúa í Mývatnssveit en heilsugæslan leysir af gamalt íbúðarhús þar sem heilsugæslan hefur verið til

húsa frá 1984. Við þessa breytingu flyst sjúkrajálfun inn í nýju heilsugæsluna og er það framför í þjónustu við íbúa.



[www.fsr.is](http://www.fsr.is)

